



Því meiri samskipti - því meiri jákvæðni  
Viðhorf Íslendinga til ferðamanna  
og ferðaþjónustu 2017

Eyrún Jenný Bjarnadóttir,  
Ásdís A. Arnalds og  
Anna Soffía Víkingsdóttir  
2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460-8930

Rafpóstur: rmf@unak.is

Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017

Höfundar: Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-19-2018

ISBN: 978-9935-437-85-3

ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðaþjónustu: Svör Íslendinga úr viðhorfskönnum 2017. © Rannsóknamiðstöð ferðamála

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

## SAMANTEKT

Skilningur á viðhorfum heimamanna er meðal lykilþátta fyrir farsæla og sjálfbæra þróun ferðamennsku og stýringu áfangastaða. Heimamenn eru sá hópur hagsmunaaðila sem hefur hvað mestu að tapa og hvað mest að vinna í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu. Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður rannsóknar á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu.

Tvær rannsóknir hafa verið gerðar á viðhorfum á landsvísu; sú fyrri var gerð haustið 2014 og sú síðari haustið 2017. Markmiðið með þeirri síðari var að kanna viðhorf landsmanna haustið 2017 og hvort breytingar hafi orðið á viðhorfum til ferðamanna og ferðaþjónustu frá árinu 2014. Símakönnun var lögð fyrir 5.500 manna úrtak landsmanna haustið 2017 (landskönnun) og var heildarfjöldi svara 2.370 (43% svarhlutfall). Könnunin er liður í vöktun á viðhorfum heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Niðurstöðum var skilað til Vöruhúss gagna þar sem gögnin eru varðveisitt en rannsóknin var fjármögnuð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Skýrslan inniheldur niðurstöður greininga sem gerðar voru á gögnunum. Í fyrsta lagi var gerð samanburðargreining á niðurstöðum kannananna 2014 og 2017 til að meta hvaða breytingar hafi orðið á viðhorfi landsmanna milli kannana. Í öðru lagi var gerð þáttagreining á gögnunum sem safnað var í könnuninni 2017. Á grundvelli þáttagreiningarinnar var gerð línuleg aðhvarfsgreining til að meta tengsl ýmissa bakgrunnsþátta og viðhorfa landsmanna til ferðamanna. Í þriðja lagi var gerð greining á svörum landsmanna við opnum spurningum sem voru í könnuninni 2017. Tilgangur opnu spurninganna var að finna hvar jákvæðar og neikvæðar áherslur liggja sem gætu varpað ljósi á hvers megi vænta ef ferðaþjónustan hefur neikvæð áhrif á líf heimamamanna. Að lokum er að finna í skýrslunni tíðnitöflur úr könnuninni 2017 sem sýna hlutföll og fjölda svara skipt bakgrunnsþáttum.

Helstu niðurstöður eru að viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa að mörgu leyti haldist jákvæð frá því könnun á viðhorfum var fyrst gerð árið 2014. Íslendingar telja ferðaþjónustu enn vera efnahagslega mikilvæga og að ferðamenn auki fjölbreytileika mannlífsins. Almennt virðast landsmenn eiga í góðum samskiptum við ferðamenn og finna enn fyrir bættum lífsgæðum vegna ferðamanna í sveitarfélagini án þess að ferðamenn takmarki aðgengi að þjónustu. En viðhorf urðu einnig neikvæðari milli kannana, einkum þegar horft er til áhrifa ferðamanna á umhverfi og náttúru og viðhorfa landsmanna til starfa í ferðaþjónustu.

Niðurstöðurnar sýna að samband er á milli þess að eiga oft samskipti við ferðamenn og mats landsmanna á áhrifum ferðamanna á atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag. Því oftar

sem landsmenn eiga í samskiptum við ferðamenn því líklegra er að þeir séu jákvæðir í garð áhrifa ferðamanna á atvinnulíf og efnahag sem og mannlíf og samfélag. Einnig er jákvætt samband milli þess hvernig landsmönnum líkar að eiga í samskiptum við ferðamenn og mats þeirra fyrnefndu á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag. Því betur sem fólk líkaði við að hafa samskipti við ferðamenn því líklegra var það til að vera jákvæðara í mati á áhrifum ferðapjónustu og ferðamanna. Einnig er samband á milli mats fólks á áhrifum ferðamanna á eigin lífsgæði og mats á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag. Því jákvæðari áhrif sem fólk telur ferðamenn hafa því líklegra er það til að finna til batnandi lífsgæða. Þetta er í góðu samræmi við það sem birtist í viðhorfum landsmanna um jákvæðustu hliðar ferðapjónustunnar þar sem efnahagsleg og samfélagsleg sjónarmið ásamt bættum lífsgæðum komu skýrt fram.

Niðurstöðurnar gáfu til kynna að landsmenn hafi almennt ekki áhyggjur af fjölda ferðamanna á Íslandi þrátt fyrir örann vöxt í komum erlendra ferðamanna til landsins undanfarin ár. Vísbendingar eru um að mikill fjöldi ferðamanna leiði ekki sjálfkrafa til neikvæðra upplifana heimamanna á fjöldanum heldur velti mat á fjölda á samhenginu hverju sinni. Engu að síður eru neikvæðustu viðhorfin að finna meðal þeirra landsmanna sem töldu fjölda ferðamanna vera of mikinn. Í ljós kom að þeir landsmenn sem töldu ferðamenn vera of marga voru marktækt líklegastir til að finna til versnandi lífsgæða. Aftur á móti virtust hugmyndir landsmanna um neikvæðar hliðar ferðapjónustu og ferðamenndsku ekki vera jafn fastmótaðar og þær jákvæðu.

## EFNISYFIRLIT

Myndaskrá .....	5
Töfluskrá .....	6
1. Inngangur.....	12
2. Gögn og aðferðir.....	15
2.1. Undirbúningur rannsóknar: Rýning spurningalista og aðferða .....	15
2.2. Framkvæmd.....	16
2.3. Úrvinnsla gagna .....	18
2.4. Greining gagna.....	18
3. Niðurstöður: Samanburður kannana.....	20
3.1. Viðhorf til fjölda erlendra ferðamanna á sumrin .....	20
3.2. Viðhorf til fjölda erlendra ferðamanna á veturna .....	21
3.3. Efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu .....	22
3.4. Samskipti við ferðamenn .....	23
3.5. Áhrif ferðamanna á verslun og þjónustu.....	23
3.6. Áhrif ferðamanna á mannlíf .....	25
3.7. Áhrif ferðamanna á umhverfi og náttúru .....	25
3.8. Störf í ferðaþjónustu .....	28
3.9. Áhrif á lífsgæði landsmanna .....	29
4. Niðurstöður: Pátta- og aðhvarfsgreining.....	31
4.1. Niðurstöður þáttagreiningar .....	31
4.2. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar .....	33
5. Niðurstöður: Greining á opnum spurningum könnunar 2017.....	42
5.1. Greining jákvæðra svara .....	43
5.2. Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustuna?.....	46
5.3. Greining neikvæðra svara .....	48

---

5.4. Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu?.....	52
6. Umræður og samantekt .....	54
6.1. Áfram jákvæðni en sum neikvæð viðhorf hafa styrkst.....	54
6.2. Jákvæð áhrif á samfélag, lífsgæði og efnahag .....	56
6.3. Því meiri samskipti – því meiri ánægja .....	56
6.4. Skerðing lífsgæða leiðir til óánægju .....	57
7. Lokaorð .....	59
Heimildir .....	60
Viðauki 1: Spurningalisti .....	62
Viðauki 2. Niðurstöður tölfræðigreiningar .....	67

## MYNDASKRÁ

Mynd 1: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí, ágúst)? .....	21
Mynd 2: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (september – maí)? .....	22
Mynd 3: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? .....	22
Mynd 4: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn í þinni heimabyggð? .....	23
Mynd 5: Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð.....	24
Mynd 6: Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð .....	24
Mynd 7: Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins .....	25
Mynd 8 Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land .....	26
Mynd 9: Ferðamenn spilla náttúru landsins.....	26
Mynd 10: Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins.....	27
Mynd 11: Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins .....	28
Mynd 12: Telur þú að ferðaþjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf? .....	28
Mynd 13: Telur þú að ferðaþjónustan skapi vel eða illa launuð störf? .....	29
Mynd 14: Tengsl mats á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi og þess hvort fólk telji lífsgæðin batna eða versna með tilkomu ferðamanna .....	40
Mynd 15 Tengsl mats á áhrifum ferðamanna á atvinnulíf og efnahag og þess hvort fólk telji lífsgæðin batna eða versna með tilkomu ferðamanna .....	40
Mynd 16 Tengsl mats á áhrifum ferðamanna á mannlíf og samfélag og þess hvort fólk telji lífsgæðin batna eða versna með tilkomu ferðamanna .....	41
Mynd 17: Jákvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að mati landsmanna. Heildarfjöldi svara 2.817 .....	43
Mynd 18: Neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að mati landsmanna. Heildarfjöldi svara 1.814.....	48

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1: Úrtak, svörun og bakgrunnur svarenda .....	17
Tafla 2: Þættir og þáttahleðslur.....	32
Tafla 3: Alfastuðlar þáttanna .....	33
Tafla 4: Lýsandi tölfræði yfir þættina .....	33
Tafla 5: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á mati fólks á áhrifum ferðamanna .....	35
Tafla 6: Tengsl milli mats á fjölda ferðamanna og mats á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi .....	36
Tafla 7: Tengsl milli mats á fjölda ferðamanna og mats á áhrifum ferðamanna á atvinnulíf og efnahag.....	37
Tafla 8: Tengsl milli mats á fjölda ferðamanna og mats á áhrifum ferðamanna á mannlíf og samfélag .....	38
Tafla 9: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir flokkabreytur á hvort fólk telji lífsgæði sín batna eða versna með tilkomu ferðamanna .....	39
Tafla 10: Jákvæðustu hliðar ferðapjónustunnar - áherslur landsmanna.....	46
Tafla 11: Hlutfallsleg skipting jákvæðra svara og áherslur eftir landshlutum .....	47
Tafla 12: Neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar - áherslur landsmanna .....	51
Tafla 13: Hlutfallsleg skipting neikvæðra svara og áherslur eftir landshlutum .....	53
Tafla 14: Helstu breytingar á viðhorfum landsmanna milli kannana 2014 og 2017.....	55
Tafla 15: Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? - Tíðnitafla .....	67
Tafla 16: Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? - Bakgrunnsgreining .....	67
Tafla 17: Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann (júní - ágúst)? - Tíðnitafla .....	68
Tafla 18: Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann (júní - ágúst)? - Bakgrunnsgreining .....	68
Tafla 19: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? - Tíðnitafla.....	69

## Rannsóknamiðstöð ferðamála

Tafla 20: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? - Bakgrunnsgreining.....	69
Tafla 21: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní - ágúst)? - Tíðnitafla.....	70
Tafla 22: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní - ágúst)? - Bakgrunnsgreining.....	70
Tafla 23: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept. - maí)? - Tíðnitafla.....	71
Tafla 24: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept. - maí)? - Bakgrunnsgreining.....	71
Tafla 25: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? - Tíðnitafla.....	72
Tafla 26: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? - Bakgrunnsgreining.....	72
Tafla 27: Ferðaþjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér - Tíðnitafla.....	73
Tafla 28: Ferðaþjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér - Bakgrunnsgreining.....	73
Tafla 29: Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð - Tíðnitafla .....	74
Tafla 30: Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð - Bakgrunnsgreining .....	74
Tafla 31: Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð - Tíðnitafla .....	75
Tafla 32: Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð - Bakgrunnsgreining.....	75
Tafla 33: Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðaþjónustu - Tíðnitafla.....	76
Tafla 34: Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðaþjónustu – Bakgrunnsgreining .....	76
Tafla 35: Ferðaþjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð - Tíðnitafla ...	77

Tafla 36: Ferðaþjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð - Bakgrunnsgreining.....	77
Tafla 37: Ég tel að ferðaþjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi - Tíðnitafla .....	78
Tafla 38: Ég tel að ferðaþjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi - Bakgrunnsgreining .....	78
Tafla 39: Fáir aðilar njóta efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu í minni heimabyggð - Tíðnitafla.....	79
Tafla 40: Fáir aðilar njóta efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu í minni heimabyggð - Bakgrunnsgreining.....	79
Tafla 41: Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki innheimta sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína - Tíðnitafla.....	80
Tafla 42: Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki innheimta sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína - Bakgrunnsgreining.....	80
Tafla 43: Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög geti innheimt gjald af ferðamönnum fyrir notkun bílastæða - Tíðnitafla.....	81
Tafla 44: Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög geti innheimt gjald af ferðamönnum fyrir notkun bílastæða - Bakgrunnsgreining.....	81
Tafla 45: Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög geti innheimt gjald af ferðamönnum vegna ferða á friðuðum eða friðlýstum svæðum - Tíðnitafla .....	82
Tafla 46: Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög geti innheimt gjald af ferðamönnum vegna ferða á friðuðum eða friðlýstum svæðum - Bakgrunnsgreining .....	82
Tafla 47: Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög geti innheimt gjald af ferðaþjónustufyrirtækjum vegna ferða á friðuðum eða friðlýstum svæðum - Tíðnitafla.....	83
Tafla 48: Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög geti innheimt gjald af ferðaþjónustufyrirtækjum vegna ferða á friðuðum eða friðlýstum svæðum - Bakgrunnsgreining.....	83
Tafla 49: Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins - Tíðnitafla .....	84
Tafla 50: Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins - Bakgrunnsgreining .....	84
Tafla 51: Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra - Tíðnitafla .....	85

## Rannsóknamiðstöð ferðamála

---

Tafla 52: Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra - Bakgrunnsgreining .....	85
Tafla 53: Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður - Tíðnitafla.....	86
Tafla 54: Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður - Bakgrunnsgreining....	86
Tafla 55: Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja mína heimabyggð - Tíðnitafla.....	87
Tafla 56: Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja mína heimabyggð - Bakgrunnsgreining.....	87
Tafla 57: Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað - Tíðnitafla.....	88
Tafla 58: Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað - Bakgrunnsgreining.....	88
Tafla 59: Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður - Tíðnitafla .....	89
Tafla 60: Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður - Bakgrunnsgreining .....	89
Tafla 61: Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna - Tíðnitafla.....	90
Tafla 62: Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna - Bakgrunnsgreining.....	90
Tafla 63: Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna - Tíðnitafla.....	91
Tafla 64: Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna - Bakgrunnsgreining.....	91
Tafla 65: Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land - Tíðnitafla.....	92
Tafla 66: Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land - Bakgrunnsgreining.....	92
Tafla 67: Ferðamenn spilla náttúru landsins - Tíðnitafla .....	93
Tafla 68: Ferðamenn spilla náttúru landsins - Bakgrunnsgreining .....	93
Tafla 69: Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins - Tíðnitafla .....	94
Tafla 70: Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins - Bakgrunnsgreining .....	94

---

Tafla 71: Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins - Tíðnitafla .....	95
Tafla 72: Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins - Bakgrunnsgreining.....	95
Tafla 73: Telur þú að ferðaþjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf? - Tíðnitafla .....	96
Tafla 74: Telur þú að ferðaþjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf? - Bakgrunnsgreining.....	96
Tafla 75: Telur þú að ferðaþjónustan skapi að jafnaði vel eða illa launuð störf? - Tíðnitafla .	97
Tafla 76: Telur þú að ferðaþjónustan skapi að jafnaði vel eða illa launuð störf? - Bakgrunnsgreining.....	97
Tafla 77: Hvort bæta ferðamenn lífsgæði eða draga úr þeim (í þínu sveitarfélagi) - Tíðnitafla .....	98
Tafla 78: Hvort bæta ferðamenn lífsgæði eða draga úr þeim (í þínu sveitarfélagi) - Bakgrunnsgreining.....	98
Tafla 79: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Vegakerfi - Tíðnitafla .....	99
Tafla 80: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Vegakerfi - Bakgrunnsgreining .....	99
Tafla 81: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Almenningssamgöngur - Tíðnitafla.....	100
Tafla 82: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Almenningssamgöngur - Bakgrunnsgreining.....	100
Tafla 83: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Bílastæði - Tíðnitafla .....	101
Tafla 84: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Bílastæði - Bakgrunnsgreining .....	101
Tafla 85: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Skilti og merkingar - Tíðnitafla .....	102
Tafla 86: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Skilti og merkingar - Bakgrunnsgreining .....	102

## Rannsóknamiðstöð ferðamála

---

Tafla 87: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Göngustígar og gönguleiðir - Tíðnitafla .....	103
Tafla 88: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Göngustígar og gönguleiðir - Bakgrunnsgreining .....	103
Tafla 89: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Almenningssalerni - Tíðnitafla .....	104
Tafla 90: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð: Almenningssalerni - Bakgrunnsgreining .....	104
Tafla 91: Hefur þú eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum? - Tíðnitafla .....	105
Tafla 92: Hefur þú eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum? - Bakgrunnsgreining .	105

## 1. INNGANGUR

Um nokkurt skeið hefur ferðaþjónusta verið talin mikilvægur vaxtarsproti íslensks atvinnulífs sem eftir geti byggð og samfélag um allt land. Margvíslegar rannsóknir ferðamálafræðinnar undirstrika mikilvægi þess að heimamenn, eða íbúar, upplifi bætt lífsgæði í tengslum við uppbyggingu ferðamennsku (Lundberg, 2017; Ribeiro, Pinto, Silva og Woosnam, 2017). Ferðamennskan getur haft áhrif á félags- og menningareinkenni íbúa; á siði og venjur, félagslíf og þau gildi (e. *social values*) sem eru íbúum samfélagsins sameiginleg (Almeida-García, Balbuena-Vázquez og Cortés-Macías, 2015).

Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa verið gerðar innan ferðamálafræðinnar um viðhorf og skynjun íbúa á ferðamennsku (Almeida-García o.fl., 2015; Sharpley, 2014; Deery, Jago og Fredline, 2012; Easterling, 2004). Samanlagt sýna þessar rannsóknir annars vegar fram á margbreytileika í viðhorfum íbúa og viðbrögðum þeirra (e. *responses*). Hins vegar sýna þær að erfitt er að spá fyrir um eða útskýra hvers vegna tilteknir þættir ferðamennskunnar hafa áhrif á íbúana og hvort áhrifin eru skynjuð á jákvæðan eða neikvæðan hátt. Ekki munu öll samfélög á áfangastöðum ferðamanna finna fyrir öllum tegundum áhrifa með sama hætti. Viðhorf íbúa ráðast af sérstökum einkennum á áfangastöðum (Tosun, 2002). Þetta gefur vísbendingar um að áhrifin sem íbúar skynja velti bæði á samhengi og sérkennum hvers staðar fyrir sig hverju sinni. Þ.e. að áhrifin eru staðbundin í tíma og rúmi. Einnig eru vísbendingar um að því lengra sem tiltekinn staður er kominn á lífsferli áfangastaða (e. *tourist area life cycle*) því mótaðri séu viðhorf íbúa til áhrifa af ferðaþjónustu (Alvarez-Sousa, 2018; Almeida-García o.fl., 2015). Með öðrum orðum, íbúar sem hafa búið í nánu sambýli við ferðamennsku og ferðaþjónustu um langan tíma eru meðvitaðri um jákvæðar og neikvæðar hliðar þróunarinnar.

Þróun ferðamennsku getur verið valdeflandi fyrir íbúana en hún getur einnig verið ógn við velferð smærri samfélaga. Íbúarnir eru því mikilvægir hagsmunaaðilar þegar kemur að sjálfbærni áfangastaða í ferðaþjónustu (Gunn, 1994). Liður í sjálfbærri uppbyggingu áfangastaða er að skapa möguleika fyrir íbúa að taka þátt í umræðu um þróun ferðamennsku og ferðaþjónustu á þeirra svæði (Šegota, Mihalič og Kuščer, 2017). Velvilji íbúanna er ein mikilvægasta forsenda góðs árangurs í þróun ferðaþjónustu og sjálfbærni hennar (Bimonte og Punzo, 2016). Það er því brýnt að kanna viðhorf heimamanna sem búa (stöðugt) við nærveru ferðamanna og skoða hvaða áhrif ferðamennska hefur á lífsgæði þeirra. Skilningur á sjónarmiði íbúanna getur auðveldað móturn stefnu í ferðamálum sem er samfélagini til góða og byggir á lágmörkun neikvæðra áhrifa og hámörkun jákvæðra áhrifa ferðaþjónustunnar (Prayag, Hosany, Nunkoo og Alders, 2013).

Viðhorf heimamanna eru í hópi þeirra mælikvarða sem horfa þarf til í ferðaþjónustu. Í áhættugreiningu KPMG um framtíð ferðaþjónustunnar á Íslandi árið 2030 eru viðhorf heimamanna talin vera einn mikilvægasti áhættuþátturinn til framtíðar (KPMG, 2016). Það hversu vel samfélagið er í stakk búið til að taka á móti ferðamönnum er einn af óvissuþáttunum fyrir ferðaþjónustuna og afkomu hennar til framtíðar. Þar er því mikilvægt að þessi viðhorf verði mæld með reglulegum hætti og til langtíma svo stjórnvöld geti brugðist við áður en samfélag hættir að ráða við aðstæður sem upp geta komið. Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) hefur mælst til þess að fylgst verði reglubundið með viðhorfum heimafólks bæði á landsvísu og innan einstakra samfélaga á Íslandi. Lagt hefur verið til að viðhorf landsmanna verði könnuð þriðja hvert ár og þess á milli verði gerðar þrjár til fjórar tilviksrannsóknir (e. case studies) innan einstakra samfélaga á ári. Tillagan er í samræmi við rannsóknatillögur á samfélagslegum áhrifum sem fram komu í þarfagreiningu hagsmunaaðila á rannsóknabörf í íslenskri ferðaþjónustu frá árinu 2013 (Kristján Ólafsson og Oddný Þóra Óladóttir, 2013). Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu voru fyrst könnuð í rannsókn sem unnin var á vegum Ferðamálastofu árið 2014 (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2014; Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015). Árið 2015 framkvæmdi ferðamáladeild Háskólans á Hólum tilviksrannsókn sem náði til fjögurra þéttbýlisstaða: Ísafjarðar, Húsavíkur, Hellu og 101 Reykjavíkur (Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns, 2016). Árið 2016 framkvæmdi Rannsóknamiðstöð ferðamála svo aðra rannsókn sem náði til þriggja þéttbýlisstaða: Siglufjarðar, Mývatnssveitar og Hafnar í Hornafirði (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2016).

Fyrrgreindar rannsóknir hafa glögglega sýnt að ferðamennska og ferðaþjónusta marka djúp spor í samfélög heimamanna en töluverður munur getur verið á því í hverju samfélagi hvaða áhrifaþættir vega mest (Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl, 2016; Guðrún Helgadóttir o.fl. 2016). Líklegt er að þættirnir sem hafi áhrif séu mismunandi milli samfélaga en samfélagsgerðin (e. *social structure*) ræður mestu um það hvernig íbúunum tekst til með að aðlagast þeim gildum og viðmiðum sem ferðamönnum fylgja (Mansfeld, 1992 í Eshliki og Kaboudi, 2012).

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður rannsóknar sem Rannsóknamiðstöð ferðamála létt gera á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu. Markmið rannsóknarinnar, sem var fjármögnuð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, var að kanna viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu og ferðafólks á Íslandi haustið 2017. Spurningakönnun var lögð fyrir úrtak landsmanna gegnum síma og hófst gagnasöfnun í september 2017 og lauk í nóvember sama ár. Niðurstöður könnunarinnar varpa því ljósi á það hvort breytingar hafa orðið á viðhorfi

landsmanna frá því að könnunin 2014 var gerð. Sérstakar samantektir voru unnar fyrir hvert markaðssvæði og birtar á vef Rannsóknamiðstöðvar ferðamála fyrr á þessu ári (sjá nánar á [www.rmf.is](http://www.rmf.is)).

Gagnaöflun og úrvinnsla hrágagna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólags á Akureyri. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann samanburðargreiningu og þátta- og aðhvarfsgreiningu. Öllum gögnum könnunarinnar var skilað til Vöruhúss gagna – mælaborðs (sjá nánar á [www.stjornstodin.is](http://www.stjornstodin.is)).

RMF vill færa Ferðamálastofu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ferðamáladeild Háskólags á Hólum, Land- og ferðamálafræðistofu Háskóla Íslands, viðskiptadeild Háskólags á Akureyri og Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Hornafirði bestu þakkir fyrir veitta ráðgjöf og umræður í tengslum við endurskoðun á spurningalistu rannsóknarinnar.

Skýrslan er í sjö köflum. Á eftir inngangi er gerð grein fyrir gögnum og aðferðafræði rannsóknarinnar. Þar á eftir eru þrír niðurstöðukaflar. Í þeim fyrsta er niðurstöðum samanburðar á könnunum 2014 og 2017 gerð skil. Því næst er gerð grein fyrir niðurstöðum þátta- og aðhvarfsgreiningar á könnuninni 2017. Í þriðja hluta er fjallað um niðurstöður greiningar á svörum landsmanna við opnum spurningum um hvað væri jákvæðast og neikvæðast við ferðaþjónustu. Í lok skýrslunnar eru teknir saman helstu umræðupunktar ásamt lokaorðum.

## 2. GÖGN OG AÐFERÐIR

Í þessum kafla er gerð grein fyrir undirbúningi rannsóknar og framkvæmd ásamt úrvinnslu og greiningar gagna.

### 2.1. Undirbúningur rannsóknar: Rýning spurningalista og aðferða

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst árið 2016 þegar Stjórnstöð ferðamála lagði til að RMF yrði falið að undirbúa spurningakönnun á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu á árinu 2017 (Stjórnarráð Íslands, 2016, 19. maí). Hlutverk RMF fólst í rýni á spurningalista sem var lagður fyrir 2.000 manna úrtak Íslendinga í október 2014 og skila fullbúnum spurningalista sem leggja mætti fyrir á nýjan leik á árinu 2017. Við rýningu var horft til ýmissa þátta, þar á meðal:

- a. Notagildis spurninga úr fyrri könnun; hvaða niðurstöðum spurningarnar hefðu skilað og hvaða gildi það hefði að endurtaka þær.
- b. Reynslu og notagildi spurninga úr rannsókn RMF og RHA á viðhorfum heimamanna í litlum samfélögum (sjá: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. 2016); hvaða niðurstöðum spurningarnar hefðu skilað og hvaða gildi það hefði að leggja þær fyrir á landsvísu.
- c. Reynslu og notagildi spurninga um viðhorf til ferðamanna/ferðamennsku sem hafa verið lagðar fyrir í könnununum Ferðamálastofu á ferðalögum Íslendinga.

Auk þess kallaði RMF saman rýnihóp sem hafði það hlutverk að fjalla gagnrýnið um endurskoðun spurningalistans, framkvæmd og aðferðir við könnunarvinnuna. Í rýnihópnum voru fulltrúar frá Ferðamálastofu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ferðamáladeild Háskólangs á Hólum og Land- og ferðamálafræðistofu Háskóla Íslands. Jafnframt veitti viðskiptadeild Háskólangs á Akureyri ráðgjöf við gerð spurningalistans. Spurningalistinn var forþrófaður með það fyrir augum að sníða af mögulega vankanta. Í endurgerðum lista voru 14 spurningaliðir úr gamla listanum til að leggja fyrir að nýju á árinu 2017. Hins vegar voru 12 liðir felldir út ýmist vegna galla í spurningu eða að þeir bættu ekki neinu við heildarniðurstöður. Þess í stað var rými veitt til að bæta nýjum spurningum við sem myndu betur varpa ljósi á viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Nýir spurningaliðir voru alls 12 en auk þess bættust við 7 liðir sem voru fyrst notaðir í rannsókn RMF og RHA árið 2016 (sjá b-lið hér að ofan). Auk þess voru tveir spurningaliðir notaðir með góðfúslegu leyfi úr könnun Ferðamálastofu um ferðalög Íslendinga (Markaðs- og miðlarannsóknir, 2017).

Í undirbúningsferlinu var gengið út frá þeirri forsendu að könnun yrði lögð fyrir með sama hætti og gert var árið 2014. Þá var hringt í þátttakendur og þeir beðnir að svara

spurningalistanum. Tekið var 2000 manna tilviljunarúrtak einstaklinga 18 ára og eldri úr þjóðskrá (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2014). Við greiningu var svarendum m.a. skipt í þrennt eftir búsetu; í höfuðborg, kraga kringum höfuðborgarsvæði og á landsbyggð<sup>1</sup>. Greining eftir annars konar svæðaskiptingu<sup>2</sup> reyndist ekki möguleg (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015). Niðurstaða rýnihópsins var að ef annað niðurbrot á gögnum ætti að vera mögulegt s.s. út frá svæðisskiptingu markaðsstofa landshlutanna væri æskilegt að taka lagskipt úrtak einstaklinga úr hverjum landshluta auk höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstöðum rýningar (endurgerðum spurningalista og greinargerð um aðferðafræði könnunarinnar) var skilað til Stjórnstöðvar ferðamála í mars 2017 og hófst undirbúningur gagnaöflunar strax um haustið.

## 2.2. Framkvæmd

Eins og fram kom hér að ofan mælti rýnihópurinn með því að lagskipt úrtak yrði tekið úr öllum landshlutum auk höfuðborgarsvæðis. Við framkvæmd könnunar var farið eftir þessum tilmælum. Tekið var lagskipt úrtak með það í huga að fá ákveðið mörg svör eftir landshlutum. Alls voru 5.524 manns í úrtakinu af landinu öllu og var fjöldi svara 2.370 (sjá töflu 1). Símakönnunin var lögð fyrir landsmenn á tímabilinu 6. september – 15. nóvember 2017. Svarhlutfallið var 43% að teknu tilliti til þeirra sem höfðu ekki skráð símanúmer, þeirra sem staddir voru erlendis eða treystu sér ekki til að svara af öðrum ástæðum.

<sup>1</sup> Svarendur sem voru með póstnúmer í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ flokkuðust sem höfuðborgarbúar. Svarendur sem voru með póstnúmer á Suðurnesjum, á Suðurlandi austur að Selfossi og á Vesturlandi norður að Borgarnesi flokkuðust með búsetu í kraga kringum höfuðborgarsvæðið (pnr. 190, 230-260, 300-311, 800-825). Aðrir flokkuðust undir landsbyggð.

<sup>2</sup> Aðrar svæðisskiptingar sem voru kannaðar voru markaðssvæði ferðapjónustu, svæði atvinnuþróunarfélaga, sóknar- og varnarsvæði Byggðastofnunar og einstök póstnúmer (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015).

Tafla 1: Úrtak, svörun og bakgrunnur svarenda

Úrtak og bakgrunnur svarenda	Fjöldi	Hlutfall
Úrtak	5.524	
Fjöldi svara	2.370	43%
<b>Kyn</b>		
Karlar	1.203	51%
Konur	1.167	49%
<b>Aldur</b>		
18-29	269	11%
30-44	586	25%
45-59	752	32%
60+	763	32%
<b>Menntun</b>		
Grunnskolanám eða minna	518	22%
Stúdentsprófeða iðnnám	803	34%
Annað starfsnám	174	7%
Háskólapróf	849	36%
<b>Búseta</b>		
Austurland	356	15%
Höfuðborgarsvæðið	376	16%
Norðurland	367	15%
Suðurland	353	15%
Suðurnes	287	12%
Vestfirðir	307	13%
Vesturland	324	14%
<b>Lengd búsetu á því svæði</b>		
5 ár eða skemur	457	19%
6-10 ár	239	10%
11-20 ár	437	18%
21-30 ár	325	14%
Lengur en 30 ár	908	38%
<b>Staða á vinnumarkaði</b>		
Í launuðu starfi	1.382	59%
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	380	16%
Í námi	78	3%
Á eftirlaunum	351	15%
Annað	169	7%
<b>Starfar þú við ferðapjónustu?</b>		
Já	448	19%
Nei	1.919	81%
<b>Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu?</b>		
Já	1.093	59%
Nei	772	41%

Gagnaöflun reyndist taka lengri tíma en upphaflega var búist við. Þegar úthringingar höfðu staðið yfir í nokkurn tíma kom í ljós að svarhlutfall í nokkrum landshlutum var lægra en vonir stóðu til. Þar sem lagt var upp með að fá ákveðið mörg svör úr hverjum landshluta var kallað eftir viðbótarútaki til þess að ná svörun í ákveðnum landshlutum, einkum á Vestfjörðum, Vesturlandi og á Suðurnesjum. Reynt var eftir fremsta megni að ná til einstaklinga. Í heildina var því um að ræða 5.524 einstaklinga (sjá töflu 2). Af þeim fengust 2.370 svör. Alls afþökkuðu 2.175 þátttöku en ekki náðist samband við 979 einstaklinga, þar af 867 af sem hefði verið hringt í 10 sinnum eða oftar.

## 2.3. Úrvinnsla gagna

Við úrvinnslu gagna var notast við þær tölfræðiaðferðir sem viðeigandi voru fyrir hverja og eina spurningu (sjá spurningalista í viðauka 1). Niðurstöðurnar birtast í viðauka 2 þar sem niðurstöður úr hverri spurningu eru settar fram í tveimur töflum; annars vegar tíðnitöflum og hins vegar töflum sem sýna hlutföll og fjölda svara skipt eftir nokkrum bakgrunnsþáttum. Þeir eru: kyn, aldur, menntun, búseta, lengd búsetu á viðkomandi svæði, staða á vinnumarkaði, hvort svarandi starfi við ferðaþjónustu og hvort hann geti hugsað sér að starfa við hana. Við greiningu á bakgrunnsþættinum búsetu var horft til svæðisskiptingar Markaðsstofa landshlutanna. Svæðin eru sjö talsins. Íbúar með póstnúmer í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ flokkuðust sem höfuðborgarbúar. Við greiningu á bakgrunnsþættinum stöðu á vinnumarkaði voru flokkarnir Sjálfstætt starfandi og Atvinnurekandi sameinaðir. Einnig voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir. Í töflunum sem sýna bakgrunnsgreiningar eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til viðkomandi spurningar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Marktektarpróf voru notuð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Með vísan til spurninganúmera í Viðauka 1 voru gerð marktektarpróf með samanburði meðaltala fyrir spurningar nr. 3, 4, 5, 6 (allir liðir), 8 (allir liðir), 9 (allir liðir), 10 (allir liðir), 11, 12, 14 (allir liðir). Annars vegar var gert T-próf fyrir tveggja hópa bakgrunnsþætti og hins vegar einhliða fervikagreining (ANOVA) fyrir bakgrunnsþætti með fleiri en two hópa. Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað í spurningum 1, 2, 6, 13, 18 og spurningum er varða bakgrunnsþætti (spurningar 15, 16, 20, 21, 22, búseta, kyn og aldur). Ef tölfræðileg marktekt kom fram í greiningu gagna er það gefið til kynna með bláum stjörnutáknum við bakgrunnsþættina. Ein stjarna táknar að segja má með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu milli hópa sé einnig til staðar meðal Íslendinga 2017. Tvær stjörnur tákna að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggismörk og þrjár stjörnur tákna að munurinn sé með 99,9% vissu til staðar í þýðinu. Einungis er stjörnumerkt ef tölfræðileg marktekt kom fram í prófunum.

## 2.4. Greining gagna

Fyrir utan þá tölfræðiúrvinnslu sem lýst er hér að ofan voru nokkrar aðrar greiningar gerðar á gögnunum. Í fyrsta lagi var gerð samanburðargreining á niðurstöðum landskönnunarinnar 2014 og könnunarinnar 2017 til að meta hvaða breytingar hafi orðið á viðhorfi landsmanna

milli kannana. Gagnasöfnin tvö voru samkeyrð og kannað var hvort hægt væri að finna tölfraðilegan mun á svörum landsmanna frá því könnunin var fyrst lögð fyrir árið 2014. Gögnin úr könnuninni 2017 voru vigtuð eftir búsetu þar sem búsetuskipting í úrtaki var lagskipt og endurspeglad í því ekki búsetuskiptingu landsmanna. Gögnin úr könnuninni 2014 voru ekki vigtuð því þar var um einfalt tilvilmjunarúrtak úr þjóðskrá að ræða. Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfraðilega marktækur munur væri á milli kannana. Marktekt miðaði við 0,001% sem þýðir að með 99,9% vissu sé hægt að segja að munurinn sé til staðar. Gerð er grein fyrir þessum niðurstöðum í kafla 3.

Í öðru lagi var gerð þáttgreining (e. *factor analysis*) á gögnunum sem safnað var í könnuninni 2017. Þáttgreiningin lýsir innbyrðis tengslum tiltekina breyta. Á grundvelli þáttgreiningarinnar var gerð línuleg aðhvarfsgreining (e. *ordinary least squares regression*) til að meta tengsl ýmissa bakgrunnsþátta og viðhorfa til ferðamanna. Þátt- og aðhvarfsgreiningin er ein leið til að draga saman gögnin og skoða áhrif margra breyta í einu á viðhorf landsmanna. Niðurstöðum þátt- og aðhvarfsgreiningu eru gerð skil í 4. kafla.

Í þriðja lagi er gerð greining á svörum við opnum spurningum sem voru í könnuninni 2017. Tvær opnar spurningar voru í könnuninni þar sem þátttakendur höfðu tækifæri til að segja með eigin orðum hvað væri jákvæðast við ferðaþjónustu í þeirra heimabyggð og hvað væri neikvæðast. Markmiðið með spurningunum var að finna hvar jákvæðar og neikvæðar áherslur liggja sem gætu varpað ljósi á hvers megi vænta ef ferðaþjónustan hefur neikvæð áhrif á líf heimamamanna. Svörin voru þemaflokkuð og helstu áherslur voru fundnar. Niðurstöður greiningarinnar er að finna í 5. kafla.

### 3. NIÐURSTÖÐUR: SAMANBURÐUR KANNANA


Kannað var hvort breytingar hafa orðið á viðhorfum landsmanna milli áranna 2014 og 2017. Í þessum kafla er gerð grein fyrir samanburðinum.

Eins og greint var frá í kaflanum um undirbúning rannsóknar voru 14 spurningaliðir úr könnuninni 2014 endurteknir í könnuninni 2017. Í nokkrum tilfellum var orðalagi spurninganna breytt en einkum var um að ræða áherslubreytingar eða einföldun viðmiða til að auðvelda svarendum að taka afstöðu. Breytingarnar höfðu óveruleg áhrif á möguleika til samanburðar.

Í samanburði við niðurstöður könnunar 2014 er í kaflanum vísað til tveggja heimilda, annars vegar í niðurstöður tölfræðiúrvinnslu könnunar (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2014) og hins vegar í greiningu niðurstaðna sem RMF vann á sínum tíma (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015). Ekki var gerður samanburður á niðurstöðum milli kannana eftir bakgrunnsbreytum. Í flestum tilfellum var niðurbrotið of smátt og með of fá svör til þess að hægt hefði verið að bera þau saman með marktækum hætti. Þess í stað er það tekið fram í texta ef marktäkur munur var á niðurstöðum eftir bakgrunnsbreytum í hvorri könnun fyrir sig.

#### 3.1. Viðhorf til fjölda erlendra ferðamanna á sumrin


Flestir, eða rúmlega 60% landsmanna, telja enn að fjöldi erlendra ferðamanna sé hæfilegur á sumrin (mynd 1). Litlar breytingar hafa átt sér stað í viðhorfum landsmanna meðal meirihlutans frá því 2014 en breytingarnar reyndust engu að síður marktäkar. Breytingarnar felast einkum í hlutfallslegrí fækku í hópi þeirra sem töldu fjöldann hæfilegan en á móti fjölgæði hlutfallslega í hópi þeirra sem töldu fjöldann heldur eða of lítinn (12%). Árið 2014 voru 65% svarenda þeirra skoðunar að fjöldinn á sumrin væri hæfilegur en um fimmtungi (21%) fannst fjöldinn heldur mikill og nærrí tíunda (8%) hverjum fannst fjöldinn of mikill. Munur á þessum svörum eftir bakgrunnsbreytum reyndist ekki marktäkur. Munur á svörum landsmanna árið 2017 reyndist marktäkur í öllum bakgrunnsbreytum nema aldri (sjá töflu 22 í viðauka 2). Konur, Sunnlendingar, höfuðborgarbúar og þeir sem ekki gátu hugsað sér að starfa við ferðapjónustu voru líklegustu hóparnir til að telja fjöldann heldur eða of mikinn. Íbúar á Vesturlandi, Austurlandi og Vestfjörðum voru líklegri en aðrir til að telja fjölda ferðamanna vera heldur eða of lítinn.



**Mynd 1: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí, ágúst)?**

### 3.2. Viðhorf til fjölda erlendra ferðamanna á veturna


Landsmenn skiptast í two hópa eftir viðhorfum til fjölda erlendra ferðamanna að vetri; annars vegar þá sem telja fjölda ferðamanna vera heldur eða of líttinn (45%) og hins vegar þá sem telja fjöldann vera hæfilegan (49%) (sjá mynd 2). Milli kannana fjölgæði hlutfallslega í hópi þeirra sem finnst fjöldi ferðamanna allt of líttill (15%) og á móti fækkaði hlutfallslega í hópi þeirra sem finnst fjöldinn heldur of líttill. Auk þess má greina örlitla hlutfallslega fjölgun meðal þeirra sem finnst fjöldinn of eða heldur líttill. Í könnuninni 2014 skiptust landsmenn í nánast jafnstórar fylkingar eftir viðhorfum, annars vegar í þá sem töldu fjölda ferðamanna vera heldur eða of líttinn (49%) og hins vegar þá sem töldu fjöldann vera hæfilegan (48%). Í könnuninni 2014 var enginn munur á svörum landsmanna eftir bakgrunnsbreytum. Í könnuninni 2017 var marktækur munur á svörum eftir öllum bakgrunnsbreytum nema menntun og hvort viðkomandi starfi í ferðapjónustu (sjá töflu 24 í viðauka 2). Karlar, svarendur með yfir 30 ára búsetu á sama svæði, íbúar á Norðurlandi, Vestfjörðum, Austurlandi og Vesturlandi voru líklegustu hóparnir til að telja fjölda ferðamanna vera heldur eða of líttinn á veturna.



**Mynd 2: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (september – maí)?**

### 3.3. Efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu

Landsmönnum, sem telja ferðapjónustu mjög mikilvæga efnahagslega fjölgæði hlutfallslega milli kannana (sjá mynd 3). Marktækjar breytingar áttu sér stað milli kannana. Hlutfallslega fjölgæði í hópi þeirra sem telja ferðapjónustuna efnahagslega mjög mikilvæga og á móti fækkar þeim sem telja ferðapjónustuna nokkuð mikilvæga. Einnig fjölgæði þeim milli ára sem telja ferðapjónustu frekar lítið mikilvæga efnahagslega. Árið 2014 taldi meginþorri svarenda ferðapjónustuna nokkuð mikilvæga (68%) eða mjög mikilvæga (30%). Gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs þegar svörin voru skoðuð eftir bakgrunni svarenda. Í könnuninni 2017 reyndist marktækur munur á svörum eftir bakgrunni svarenda s.s. út frá búsetu, hvort starfað er í ferðapjónustu eða geti hugsað sér að starfa í ferðapjónustu. Íbúar á Norðurlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi, þeir sem störfuðu í ferðapjónustu og þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu voru líklegri en aðrir hópar til þess að telja ferðapjónustu efnahagslega mikilvæga fyrir heimabyggðina (sjá töflu 26 í viðauka 2).




**Mynd 3: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð?**

### 3.4. Samskipti við ferðamenn

Langflestum, eða rétt um níu af hverjum tíu landsmönnum, líkar vel við að eiga samskipti við ferðamenn. Hlutfall landsmanna sem líkar frekar eða mjög vel við að eiga samskipti við ferðamenn er því mjög hátt. Engu að síður dróst hlutfallið saman um 7 prósentustig milli kannana, eða úr 96% árið 2014 í 89% árið 2017 (sjá mynd 4). Þrátt fyrir það fjölgaði ekki milli kannana í hópi þeirra sem líkar frekar eða mjög illa að eiga samskipti við ferðamenn en þess í stað fjölgaði hlutfallslega þeim sem ekki tóku afstöðu.

Þegar svörin voru skoðuð með tilliti til bakgrunns svarenda í könnuninni 2014 reyndust gögnin ekki uppfylla forsendur marktektarprófs. Í könnuninni 2017 reyndist marktækur munur í svörum landsmanna eftir öllum bakgrunnsbreytum nema kyni og stöðu á vinnumarkaði. Þeir sem störfuðu við ferðapjónustu eða gátu hugsað sér að starfa við ferðapjónustu ásamt íbúum á Norðurlandi voru líklegustu hóparnir til að líka vel við samskipti við ferðamenn. Ungt fólk á aldrinum 18-29 ára, einstaklingar sem höfðu lokið grunnskóla, stúdentsprófi eða iðnnámi tóku síður afstöðu.




Mynd 4: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn í þinni heimabyggð?

### 3.5. Áhrif ferðamanna á verslun og þjónustu

Í könnuninni 2017 töldu þrír af hverjum fjórum landsmönnum ferðamenn efla verslun (mynd 5). Þrátt fyrir að langflestir landsmenn hafi talið að ferðamenn efli verslun fækkaði engu að síður í þeim hópi um 18 prósentustig milli kannana. Á móti fjölgaði hlutfallslega þeim sem telja ferðamenn ekki efla verslun (úr 6% í 19%). Þessar breytingar á svörum reyndust marktækar.


Í könnuninni 2014 reyndist ekki unnt að greina mun á svörum eftir bakgrunnsþáttum þar sem svör þeirra sem voru ósammála reyndust of fá. Í könnuninni 2017 reyndist marktækur munur vera á svörum eftir öllum bakgrunnsbreytum nema menntun (sjá töflu 30 í viðauka 2). Íbúar á Suðurlandi og Norðurlandi, þeir sem störfuðu við ferðapjónustu og þeir sem gátu hugsað sér

að starfa við ferðaþjónustu voru líklegustu hóparnir til að telja ferðamenn efla verslun í heimabyggðinni.



**Mynd 5: Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð**


Niðurstöður samanburðar sýna að á milli kannana fjölda hlutfallslega þeim landsmönnum sem telja ferðamenn ekki takmarki aðgengi annarra að þjónustu (mynd 6). Um marktæka breytingu er að ræða. Í könnuninni 2014 var marktækur munur á viðhorfum eftir menntun og stöðu á vinnumarkaði. Þeir sem höfðu framhaldsskólamenntun og voru launþegar voru líklegustu hóparnir til að telja ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu. Í könnuninni 2017 voru íbúar á Suðurlandi, ungt fólk (18-29 ára), konur, námsmenn og starfandi við annað og þeir sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu líklegustu hóparnir til að telja ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu.



**Mynd 6: Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð**

### 3.6. Áhrif ferðamanna á mannlíf


Á mynd 7 má sjá að um níu af hverjum tíu landsmönnum telja ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins. Þrátt fyrir þetta háa hlutfall var lítilsháttar fækku (4 prósentustig) milli kannana í hópi þeirra sem töldu ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins. Greina má áherslubreytingar í svörum sem reyndust marktækar. Þeim sem eru mjög sammála fullyrðingunni fækkaði hlutfallslega milli kannana og á móti fylgjar þeim sem eru frekar sammála, taka ekki afstöðu eða eru ósammála. Í könnuninni 2014 fannst ekki marktækur munur á svörum eftir kyni en aðra breytur uppfylltu ekki forsendur um marktektarpróf þar sem svör þeirra sem voru ósammála voru of fá. Í könnuninni 2017 voru þeir sem störfuðu við ferðaþjónustu, þeir sem gátu hugsað sér að starfa við ferðaþjónustu og fólk 30 ára og eldra líklegustu hóparnir til að vera sammála fullyrðingunni.



Mynd 7: Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins


### 3.7. Áhrif ferðamanna á umhverfi og náttúru

Þorri landsmanna er enn mjög eða frekar sammála því að ferðamenn kenni okkur að meta eigið land (mynd 8). Engu að síður fækkar hlutfallslega í hópi þeirra sem eru sammála og þeim hefur fjlgað sem eru ósammála eða taka ekki afstöðu. Í könnun 2014 voru framhaldsskólamenntaðir líklegastir til að vera mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Enginn marktækur munur var á svörum eftir menntunarstigi í könnuninni 2017 (tafla 66 í viðauka 2) en munur var á svörum eftir aldurshópum, því hvort starfað var við ferðaþjónustu og hvort viðkomandi svarendur gátu hugsað sér að starfa við ferðaþjónustu. Þeir sem störfuðu við ferðaþjónustu eða gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu voru líklegri en aðrir hópar til að telja ferðamenn kenna okkur að meta eigið land en fólk á aldrinum 45-59 ára var líklegasti hópurinn til að vera ósammála fullyrðingunni.



**Mynd 8 Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land**

Fleiri landsmenn telja ferðamenn spilla náttúru landsins en áður (mynd 9) eða 57% í stað 47% í könnun 2014. Þessar breytingar reyndust marktækjar. Í könnuninni 2014 sást greinilega að skoðanir meðal svarenda voru skiptar. Á meðan tæplega helmingur svarenda var mjög (10%) eða frekar (37%) sammála því að ferðamenn spilli náttúru landsins voru um fjórir af hverjum tíu mjög (9%) eða frekar (33%) ósammála. Marktækur munur var á svörum eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði og starfsstétt. Konur, fólk 60 ára og eldra, iðnaðarmenntir, tæknar og sérmenntaðir ásamt skrifstofu- sölu- og þjónustufólki og þeir sem voru ekki á vinnumarkaði<sup>3</sup> voru líklegustu hóparnir til að telja ferðamenn spilla náttúru landsins. Í könnuninni 2017 var afstaða landsmanna með því að ferðamenn spilli náttúru landsins mun skýrari. Stuðningur við fullyrðinguna jókst um 10 prósentustig milli kannana. Konur, fólk á aldrinum 18-29 ára og þeir sem hvorki störfuðu við ferðaþjónustu né gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu voru marktækt líklegri en aðrir hópar til að telja ferðamenn spilla náttúru landsins.




**Mynd 9: Ferðamenn spilla náttúru landsins**

<sup>3</sup> Ein af bakgrunnsbreytunum í könnun 2014 var staða þátttakenda á vinnumarkaði; launþegar, sjálfstætt starfandi/atvinnurekendur, námsmenn og aðrir utan vinnumarkaðar. Þeir sem töldust utan vinnumarkaðar voru sameinaðir í bakgrunnsgreiningum. Um var að ræða eftirlaunaþega, öryrkja, atvinnuleitendur, einstaklinga í foreldraorlofi, heimavinnandi og annað ótilgreint.


## Rannsóknamiðstöð ferðamála

Flestir landsmenn eru enn þeirrar skoðunar að ferðamenn stuðli að bættu aðgengi að náttúru landsins (mynd 10). Þó Árið 2014 voru 61% sammála fullyrðingunni en 2017 voru 56% sammála. Mestu breytingarnar milli kannana fólust í fjölgun í hópi þeirra sem ekki tóku afstöðu, úr 9% árið 2014 í 17% árið 2017. Í könnuninni 2014 var marktækur munur á svörum eftir kyni og starfsstétt. Karlar og iðnaðarmenn, tæknar og sérmennaðir voru líklegustu hóparnir til að telja ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins. Í könnuninni 2017 voru karlar einnig marktækt líklegri en konur til að vera sammála fullyrðingunni. Auk þess voru íbúar á Vesturlandi, þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu og þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu líklegri en aðrir hópar til að telja ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins (sá töflu 70 í viðauka 2)



Mynd 10: Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins

Fleiri landsmenn telja nú en áður ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins (mynd 11). Árið 2017 taldi einn af hverjum þremur landsmönnum ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins. Árið 2014 voru rétt um einn af hverjum fjórum þeirrar skoðunar og reyndust breytingarnar milli kannananna marktækar. Árið 2014 var marktækur munur á sjónarmiðum svarenda eftir aldri, búsetu, menntun og starfsstétt. Fólk 60 ára og eldra, íbúar á höfuðborgarsvæðinu, háskólamennaðir, stjórnendur og sérfraeðingar og iðnaðarmenn, tæknar og sérmennaðir voru líklegri en aðrir hópar til að telja ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins. Í könnuninni 2017 voru konur, fólk á aldrinum 18-44 ára, höfuðborgarbúar og þeir sem ekki störfuðu í ferðaþjónustu marktækt líklegri en aðrir hópar til að telja ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins. Eldri svarendur (60 ára og eldri) og þeir sem höfðu haft lengsta búsetu á svæði voru líklegastir til að vera sammála því að ferðamenn spilli ekki upplifun af náttúru landsins (sjá töflu 72 í viðauka 2).




Mynd 11: Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins

### 3.8. Störf í ferðaþjónustu

Tvær spurningar snéru að viðhorfum landsmanna til starfa í ferðaþjónustu, önnur um fjölbreytni starfa og hin um laun í ferðaþjónustu.


Landsmönnum sem telja ferðaþjónustu skapa fjölbreytt störf fækkar hlutfallslega milli kannana (mynd 12). Árið 2014 töldu þrír af hverjum fjórum landsmönnum að ferðaþjónusta skapaði að jafnaði fjölbreytt störf en árið 2017 voru tveir af hverjum þremur þeirrar skoðunar. Á móti fjöldaði hlutfallslega annars vegar í hópi þeirra sem töldu störf í ferðaþjónustu frekar einhæf (úr 14% í 19%) og hins vegar í hópi þeirra sem töldu störfin bæði fjölbreytt og einhæf. Um marktækar breytingar er að ræða. Í könnuninni 2014 var hægt að greina marktækan mun eftir aldri og stöðu á vinnumarkaði þar sem ungt fólk (18-29 ára) og námsmenn voru líklegustu hóparnir til að telja störfin fjölbreytt. Í könnuninni 2017 voru svarendur á aldrinum 30-44 ára, þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu og þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu líklegustu hóparnir til að telja ferðaþjónustu að jafnaði skapa fjölbreytt störf.



Mynd 12: Telur þú að ferðaþjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf?

## Rannsóknamiðstöð ferðamála

Seinni spurningin um störf tengdist hugmyndum landsmanna um laun í ferðaþjónustu. Samanburður milli kannana sýnir að hlutfall landsmanna sem telja störf í ferðaþjónustu vera frekar illa launuð hefur hækkað (mynd 13). Í könnun 2014 töldu 49% svarenda að störf í ferðaþjónustu væru frekar eða mjög illa launuð en árið 2017 var hlutfallið 54%. Á móti fækkaði í hópi þeirra sem töldu störfin frekar vel launuð. Þessar breytingar reyndust marktækar. Um þriðjungur svarenda töldu að bæði vel og illa launuð störf séu í ferðaþjónustu en hlutfall þessa hóps helst stöðugt á milli kannana. Í könnuninni 2014 var munur á svörum marktækur eftir menntunarstigi og starfsstétt en grunnskólategnir og námsmenn voru líklegustu hóparnir til að telja störf í ferðaþjónustu vera vel launuð. Í könnuninni 2017 var ungt fólk (18-29 ára), námsmenn, þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu og þeir sem gátu hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu líklegustu hóparnir til að telja störf í ferðaþjónustu vera frekar vel launuð.



Mynd 13: Telur þú að ferðaþjónustan skapi vel eða illa launuð störf?

### 3.9. Áhrif á lífsgæði landsmanna

Í báðum könnunum voru landsmenn spurðir hvort þeir teldu ferðamenn hafa áhrif á lífsgæði sín. Í könnuninni 2014 var spurningin um lífsgæði í tveimur liðum. Í a-lið var spurt hvort svarendur teldu ferðamenn hafa áhrif á lífsgæði þeirra. Í b-lið voru aðeins þeir sem svöruðu a-lið játandi (þ.e. töldu ferðamenn hafa áhrif á lífsgæði sín) spurðir hvort lífsgæðin hefðu batnað eða versnað. Þeir sem svöruðu a-lið fengu ekki b-liðinn. Í undirbúningi könnunarinnar 2017, sem greint var frá í kaflanum um gögn og aðferðir, mælti rýnihópurinn með því að spurningin yrði einfölduð með því að sameina spurningaliðina two í eina spurningu með þremur svarmöguleikum; *lífsgæði batna*, *lífsgæði versna* og *lífsgæði hvorki batna né versna (engin áhrif á lífsgæði)*. Tilgangur einföldunarinnar var hugsaður til framtíðar en á sama tíma flækir hún töluvert samanburð milli þessara tveggja kannana sem hér um ræðir. Af þessum sökum er samanburðurinn ekki settur fram á myndrænan hátt eins og gert er í spurningunum hér að framan.

---

Til að finna sambærileg hlutföll úr báðum könnunum var gengið út frá því að þeir sem höfðu valið svarmöguleikann *lífsgæði hvorki batna né versna* í könnuninni 2017 væru sömu skoðunar og þeir sem svöruðu í fyrri hluta spurningarinnar árið 2014, þ.e. að ferðamenn hefðu engin áhrif á lífsgæði. Eftir standa svör þeirra sem sögðu að lífsgæðin hefðu batnað og þeirra sem sögðu lífsgæðin hafa versnað. Í könnuninni 2014 svöruðu 800 af 1.114 manns nei við a-lið spurningarinnar og fengu því ekki b-liðinn. Árið 2014 sögðu 91% landsmanna að lífsgæði hefðu batnað og 9% sögðu að lífsgæðin hefðu versnað. Árið 2017 sögðu 90% að lífsgæðin hefðu batnað en 10% sögðu að lífsgæðin hefðu versnað. Því virðast litlar breytingar hafa átt sér stað milli kannana.

Í könnuninni 2014 voru karlar líklegastir til að finna fyrir batnandi lífsgæðum en íbúar á höfuðborgarsvæði voru líklegastir til að finna fyrir verri lífsgæðum. Í könnuninni 2017 voru karlar, sjálfstætt starfandi/atvinnurekendur og þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu líklegustu hóparnir til að finna fyrir batnandi lífsgæðum. Ungt fólk á aldrinum 18-29 ára og íbúar á Suðurlandi voru líklegastir til að telja að lífsgæðin hafi versnað og þeir sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu voru líklegastir til að telja að ferðamenn hefðu engin áhrif á lífsgæðin.

## 4. NIÐURSTÖÐUR: PÁTTA- OG AÐHVARFSGREINING

Einn liður í greiningu gagna er þátta- og aðhvarfsgreining sem gerð var á svörum úr könnuninni 2017. Í þáttagreiningu er kannað hvaða þættir í könnuninni tengjast saman innbyrðis með því að draga fram þá þætti sem skýra mest af dreifingu allra breytanna. Þáttagreiningin gerir umfang gagnasafnsins viðráðanlegra og einfaldar það til frekari greiningar. Á grunni þáttagreiningarinnar var gerð línuleg aðhvarfsgreining til að skoða samband margra breyta á viðhorf landsmanna. Í þessum kafla eru niðurstöðum greininganna gerð skil.

### 4.1. Niðurstöður þáttagreiningar

Í könnuninni voru settar fram nokkrar spurningar í formi fullyrðinga sem svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til. Fullyrðingar sem mældu viðhorf svarenda til ferðamanna voru þáttagreindar. Dregnir voru út þrír þættir sem höfðu eigið gildi yfir einum en þessir þættir skýrðu samtals 46% af dreifingu svara. Beitt var hornréttum snúningi sem gerir ekki ráð fyrir fylgni milli þátta. Í fyrsta þáttinn söfnuðust (hlóðust) spurningar um afstöðu svarenda til þess hvort ferðamenn hefðu góð eða slæm áhrif á náttúru og umhverfi. Í annan þáttinn söfnuðust (hlóðust) spurningar um afstöðu svarenda til þess hvort ferðamenn hafi góð eða slæm áhrif á atvinnu og efnahag. Í þriðja þátt söfnuðust (hlóðust) spurningar sem mæla afstöðu svarenda til þess hvort ferðamenn hafi góð eða slæm áhrif á mannlíf og samfélag. Tafla 2 sýnir hvaða fullyrðingar úr könnuninni söfnuðust í þættina þrjá og þáttahleðslur þeirra (þ.e. fylgni hverrar fullyrðingar við þáttinn, e. *factor loadings*).

**Tafla 2: Þættir og þáttahleðslur**

	Þættir		
	1. þáttur Náttúra og umhverfi	2. þáttur Atvinnulíf og efnahagur	3. þáttur Mannlíf og samfélag
Fáir aðilar njóta efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu í minni heimabyggð		-0,652	
Ég tel að ferðapjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi		0,425	
Ferðapjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð		0,601	
Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð		0,654	
Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér		0,654	
Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað			-0,490
Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð			-0,452
Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður			-0,451
Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land			0,413
Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins			0,656
Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja mína heimabyggð			0,669
Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra			0,549
Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður	0,634		
Ferðamenn spilla náttúru landsins	0,637		
Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna	0,659		
Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna	0,661		
Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins	0,669		

## Rannsóknamiðstöð ferðamála

Tafla 3 sýnir alfastuðla hvers þáttar. Alfastuðullinn segir til um innri áreiðanleika þáttarins, þ.e. hvert samræmi er á milli svara þáttakenda við einstökum fullyrðingum í hverjum þætti.

**Tafla 3: Alfastuðlar þáttanna**

Þáttur	Alfastuðull
Áhrif ferðamanna á náttúru og umhverfi	0,72
Áhrif ferðamanna á atvinnulíf og efnahag	0,68
Áhrif ferðamanna á mannlíf og samfélag	0,70

Í þeim tilvikum þar sem fullyrðingar voru neikvætt orðaðar og höfðu þ.a.l. neikvæð tengsl við þáttinn (þ.e. þáttahleðslur í mínus) var svarmöguleikum snúið þannig að allar fullyrðingar snéru í sömu átt. Í kjölfarið voru útbúnir þrír mælikvarðar á grundvelli þáttanna. Þetta var gert með því að leggja saman fullyrðingarnar sem heyrðu undir hvern þátt og deila með fjölda fullyrðinga. Þannig fengust þrír meðaltalskvarðar sem spönnuðu frá 1 til 5, þar sem gildið 1 táknaði þá sem voru mjög ósammála því að ferðamenn hefðu jákvæð áhrif á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag en gildið 5 táknaði að þá sem voru mjög sammála jákvæðum áhrifum ferðamanna á fyrrnefnda þætti. Tafla 4 birtir lýsandi tölfraði yfir þættina þrjá.

**Tafla 4: Líysandi tölfraði yfir þættina**

Þáttur	Meðaltal	Staðalfrávik	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Fjöldi
Áhrif ferðamanna á náttúru og umhverfi	3,07	0,89	1	5	2287
Áhrif ferðamanna á atvinnulíf og efnahag	3,69	0,73	1	5	2052
Áhrif ferðamanna á mannlíf og samfélag	3,87	0,64	1	5	2265

Tafla 4 sýnir að allir þrír þættirnir sem fundust í gögnunum höfðu jákvæða svörun hjá landsmönnum og að enginn þáttur skar sig frá sem áberandi neikvæður. Jákvæðasta svörunin hjá landsmönnum er í tengslum við mannlíf og samfélag (meðaltal 3,87). Með öðrum orðum þá kunnu landsmenn best að meta áhrif ferðamanna á mannlíf og samfélag.

## 4.2. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar

Gerð var línuleg aðhvarfsgreining (ordinary least squares regression) til að meta tengsl milli ýmissa bakgrunnsþátta og viðhorfa til ferðamanna þegar öðrum breytum var haldið stöðugum. Þannig var m.a. hægt að kanna hvaða tengsl væru milli kyns og mats fólks á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi þegar tekið var tillit til búsetu, aldurs, menntunar, stöðu á vinnumarkaði og þess hvort svarandi byggi á heimili sem hefði tekjur af ferðamönnum. Tafla

5 sýnir niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar fyrir tengsl bakgrunnsþáttanna við mat fólks á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag. Þar sést að þegar búið var að taka tillit til kyns, aldurs, menntunar og stöðu á vinnumarkaði þá var fólk sem búsett var á Norðurlandi að jafnaði með hærra meðaltal en höfuðborgarbúar (sem var viðmiðunaráhópurinn í greiningunni) á kvarða yfir áhrif ferðamanna á náttúru og umhverfi og á kvarða yfir áhrif ferðamanna á atvinnulíf og efnahag. Þetta þýðir að fólk af Norðurlandi taldi ferðamenn hafa jákvæðari áhrif á náttúru og umhverfi og atvinnulíf og efnahag en höfuðborgarbúar. Sunnlendingar töldu ferðamenn hafa jákvæðari áhrif á atvinnulíf og efnahag en höfuðborgarbúar. Þá voru Vestfirðingar frekar þeirra skoðunar en höfuðborgarbúar að ferðamenn hafi jákvæð áhrif á náttúru og umhverfi. Í töflu 5 kemur einnig fram að almennt töldu konur ferðamenn hafa verri áhrif á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag en karlar. Jákvæð tengsl reyndust vera milli aldurs og mats á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi; því eldra sem fólk var því jákvæðari áhrif taldi það ferðamenn hafa á náttúru og umhverfi. Fólk með grunnskóla- eða frambaldsskólapróf var frekar en háskólamenntaðir þeirrar skoðunar að ferðamenn hefðu neikvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag og á mannlíf og samfélag. Þá töldu atvinnurekendur ferðamenn hafa almennt jákvæðari áhrif á atvinnulíf og efnahag en launþegar. Einnig taldi fólk á eftirlaunum ferðamenn hafa jákvæðari áhrif á mannlíf og samfélag en launþegar. Loks hafði það að hafa tekjur af ferðamönnum jákvæð tengsl við alla þættina. Með öðrum orðum þá taldi fólk sem bjó á heimili þar sem einhver heimilismanna hafði tekjur af ferðamönnum ferðamenn hafa jákvæðari áhrif á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag en fólk sem bjó á heimili þar sem engar tekjur voru af ferðamönnum.

**Tafla 5: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á mati fólks á áhrifum ferðamanna**

Óháðar breytur	Náttúra og umhverfi	Atvinnulíf og efnahagur	Mannlíf og samfélag
<b>Búseta (höfuðborg = 0)</b>			
Austurland	0,02	0,05	0,02
Norðurland	0,15 *	0,14 **	0,07
Suðurland	-0,08	0,14 **	-0,01
Suðurnes	0,11	0,08	0,08
Vestfirðir	0,14 *	-0,10	-0,02
Vesturland	0,06	-0,01	0,05
<b>Kyn (karlar = 0)</b>			
Kona	-0,25 ***	-0,08 **	-0,07 *
Aldur	0,01 ***	0,00	0,00
<b>Menntun (háskólapróf = 0)</b>			
Grunnskólapróf	-0,01	-0,12 **	-0,07 *
Próf á framhaldsskólastigi	-0,04	-0,11 **	-0,07 *
<b>Starf (launþegi = 0)</b>			
Sjálfstætt starfandi	-0,06	0,02	-0,02
Atvinnurekandi	0,09	0,19 **	0,09
Á eftirlaunum	0,09	0,01	0,11 *
Aðrir	0,02	-0,04	-0,01
<b>Einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum? (nei = 0)</b>			
Já	0,09 *	0,35 ***	0,22 ***
Leiðrétt R <sup>2</sup>	0,05	0,09	0,03

\*p<0,05; \*\*p<0,01; \*\*\*p<0,001

Einnig var kannað hvaða tengsl væru milli þáttanna þriggja og niðurstaðna úr völdum spurningum. Valdar voru fimm spurningar sem snéru að því hvort landsmenn yrðu varir við ferðamenn í heimabyggðinni, hvort þeir ættu við þá samskipti og viðhorf þeirra til fjölda ferðamanna. Tafla 6 sýnir að tengsl voru milli þess hve oft svarendur urðu varir við ferðamenn í sinni heimabyggð og viðhorfa til þess hvaða áhrif ferðamenn hefðu á náttúru og umhverfi. Þó svo heildaráhrifin væru tölfraðilega marktæk reyndist ekki unnt að greina mun milli einstakra hópa. Sömuleiðis var munur á mati fólks á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi eftir því hvort fólkí líkaði vel eða illa að hafa samskipti við ferðamenn í sinni heimabyggð. Fólkí sem líkaði frekar eða mjög vel að eiga samskipti við ferðamenn taldi ferðamenn almennt hafa jákvæðari áhrif á náttúru og umhverfi en fólkí sem líkaði frekar eða mjög illa að eiga samskipti við ferðamenn. Þá kom í ljós að eftir því sem fólk taldi minna vera um ferðamenn í sinni heimabyggð á sumrin og veturna, þeim mun jákvæðari voru viðhorf þess til áhrifa ferðamanna á náttúru og umhverfi.

**Tafla 6: Tengsl milli mats á fjölda ferðamanna og mats á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi**

	Náttúra og umhverfi	Meðalt.	st.frv.
<b>Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn þinni í heimabyggð? *</b>			
Nánast daglega		3,12	0,87
1-3 sinnum í viku		3,23	0,79
1-3 sinnum í mánuði		3,30	0,76
Sjaldnar en einu sinni í mánuði		3,18	0,86
<b>Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn á sumrin?</b>			
Nánast daglega		3,14	0,91
1-3 sinnum í viku		3,09	0,87
1-3 sinnum í mánuði		3,14	0,85
Sjaldnar en einu sinni í mánuði		3,19	0,81
<b>Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðam. í þinni heimabyggð? ***</b>			
Mjög vel		3,50	0,76
Frekar vel		3,01	0,79
Hvorki vel né illa		2,49	0,80
Frekar illa		1,93	0,69
Mjög illa		1,80	0,82
<b>Hvað finnst þér um fjölda erl. ferðam. í þinni heimabyggð á sumrin? ***</b>			
Allt of mikill		2,02	0,74
Heldur of mikill		2,59	0,70
Hæfilegur		3,33	0,74
Heldur of lítill		3,69	0,61
Allt of lítill		3,79	0,76
<b>Hvað finnst þér um fjölda erl. ferðam. í þinni heimabyggð á veturna? ***</b>			
Allt of mikill		1,91	0,80
Heldur of mikill		2,39	0,78
Hæfilegur		3,01	0,83
Heldur of lítill		3,35	0,77
Allt of lítill		3,59	0,69

Tengsl voru milli þess hve oft fólk varð vart við ferðamenn í sinni heimabyggð og viðhorfa til þess hvaða áhrif ferðamenn hefðu á atvinnulíf og efnahag (tafla 7). Fólk sem varð vart við ferðamenn í sinni heimabyggð a.m.k. einu sinni í viku taldi ferðamenn almennt hafa jákvæðari áhrif á atvinnulíf og efnahag en fólk sem varð sjaldnar vart við ferðamenn í sinni heimabyggð.

Sömuleiðis var munur á mati fólks á áhrifum ferðamanna á atvinnulíf og efnahag eftir því hve oft fólk átti í samskiptum við ferðamenn á sumrin. Fólk sem átti nánast daglega í samskiptum við erlenda ferðamenn var jákvæðast í garð áhrifa ferðamanna á atvinnulíf og efnahag og fólk sem átti sjaldnar en einu sinni í mánuði samskipti við ferðamenn var hvað neikvæðast. Með öðrum orðum því minni sem samskiptin við ferðamennina eru því neikvæðari eru viðhorf

## Rannsóknamiðstöð ferðamála

heimamanna. Þá var almennt jákvæðari afstaða í garð áhrifa ferðamanna á atvinnulíf og efnahag meðal þeirra sem líkaði frekar eða mjög vel að eiga samskipti við ferðamenn en þeirra sem líkaði frekar eða mjög illa að eiga samskipti við ferðamenn. Einnig kom í ljós að fólk sem taldi allt of mikil um erlenda ferðamenn í sinni heimabyggð á sumrin og veturna var neikvæðara í afstöðu sinni til áhrifa ferðamanna á atvinnulíf og efnahag en fólk sem taldi fjöldann vera heldur of mikinn, hæfilegan, heldur of lítinn og allt of lítinn.

**Tafla 7: Tengsl milli mats á fjölda ferðamanna og mats á áhrifum ferðamanna á atvinnulíf og efnahag**

	Atvinnulíf og efnahagur	Meðalt.	st.frv.
<b>Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn þinni í heimabyggð? ***</b>			
Nánast daglega	3,84	0,66	
1-3 sinnum í viku	3,59	0,64	
1-3 sinnum í mánuði	3,49	0,67	
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	3,32	0,62	
<b>Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn á sumrin? ***</b>			
Nánast daglega	4,01	0,70	
1-3 sinnum í viku	3,84	0,65	
1-3 sinnum í mánuði	3,77	0,59	
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	3,52	0,67	
<b>Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðam. í þinni heimabyggð? ***</b>			
Mjög vel	4,02	0,61	
Frekar vel	3,72	0,63	
Hvorki vel né illa	3,41	0,64	
Frekar illa	3,10	0,84	
Mjög illa	2,71	0,93	
<b>Hvað finnst þér um fjölda erl. ferðam. í þinni heimabyggð á sumrin? ***</b>			
Allt of mikill	3,27	0,83	
Heldur of mikill	3,68	0,59	
Hæfilegur	3,85	0,64	
Heldur of lítill	3,90	0,64	
Allt of lítill	3,81	0,65	
<b>Hvað finnst þér um fjölda erl. ferðam. í þinni heimabyggð á veturna? ***</b>			
Allt of mikill	2,94	0,98	
Heldur of mikill	3,60	0,73	
Hæfilegur	3,77	0,65	
Heldur of lítill	3,87	0,60	
Allt of lítill	3,84	0,69	

Munur var á mati fólks á áhrifum ferðamanna á mannlíf og samfélag eftir því hve oft fólk átti í samskiptum við ferðamenn á sumrin (mynd 8). Fólk sem átti nánast daglega í samskiptum við erlenda ferðamenn var jákvæðast í garð áhrifa ferðamanna á mannlíf og samfélag. Þá var

almennt jákvæðari afstaða í garð áhrifa ferðamanna á mannlíf og samfélag meðal þeirra sem líkaði frekar eða mjög vel að eiga samskipti við ferðamenn en þeirra sem líkaði frekar eða mjög illa að eiga samskipti við þá. Einnig kom í ljós að eftir því sem fólk taldi minna vera um ferðamenn í sinni heimabyggð á sumrin og veturna, þeim mun jákvæðari voru viðhorf þess til áhrifa ferðamanna á mannlíf og samfélag.

**Tafla 8: Tengsl milli mats á fjölda ferðamanna og mats á áhrifum ferðamanna á mannlíf og samfélag**

	Mannlíf og samfélag	Meðalt.	st.frv.
<b>Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn þinni í heimabyggð?</b>			
Nánast daglega	3,85	0,65	
1-3 sinnum í viku	3,83	0,61	
1-3 sinnum í mánuði	3,81	0,55	
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	3,73	0,55	
<b>Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn á sumrin? ***</b>			
Nánast daglega	3,98	0,64	
1-3 sinnum í viku	3,83	0,67	
1-3 sinnum í mánuði	3,84	0,60	
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	3,74	0,64	
<b>Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðam. í þinni heimabyggð? ***</b>			
Mjög vel	4,14	0,51	
Frekar vel	3,76	0,58	
Hvorki vel né illa	3,31	0,58	
Frekar illa	2,79	0,83	
Mjög illa	2,80	1,11	
<b>Hvað finnst þér um fjölda erl. ferðam. í þinni heimabyggð á sumrin? ***</b>			
Allt of mikill	3,08	0,79	
Heldur of mikill	3,57	0,58	
Hæfilegur	3,95	0,56	
Heldur of lítill	4,19	0,47	
Allt of lítill	4,21	0,51	
<b>Hvað finnst þér um fjölda erl. ferðam. í þinni heimabyggð á veturna? ***</b>			
Allt of mikill	2,84	0,83	
Heldur of mikill	3,39	0,61	
Hæfilegur	3,77	0,63	
Heldur of lítill	3,98	0,54	
Allt of lítill	4,12	0,55	

Með fjölbreytu aðhvarfsgreiningu fyrir flokkabreytur (e. *multinomial logistic regression*) voru könnuð áhrif ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag með tilliti til þess hvort fólk telji lífsgæði sín batna eða versna með tilkomu ferðamanna (tafla 9). Í töflunni hefur verið stýrt fyrir áhrifum kyns, aldurs og menntunar. Það er gert til að kanna


hvort beint samband sé á milli lífsgæða og áhrifa ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag án þess að breyturnar kyn, aldur og menntun hafi áhrif á útkomuna. Hér er fylgibreytan þríkosta flokkabreyta þar sem svarmöguleikarnir eru lífsgæðin batna, lífsgæðin hvorki batna né versna og lífsgæðin versna. Í aðhvarfsgreiningarlíkaninu er viðmiðunarhópurinn fólk sem svaraði því til að lífsgæðin hvorki batna né versna. Fyrsti dálkurinn í töflunni sýnir því áhrif frumbreytanna á það hvort fólk sé líklegra til að telja lífsgæðin batna eða hvorki batna né versna. Á hinn bóginn sýnir þriðji dálkur töflunnar áhrif frumbreytanna á það hvort fólk sé líklegra til að telja lífsgæðin hvorki batna né versna eða versna. Taflan birtir líkindahlutföll (e. *odds ratio*). Ef líkindahlutfallið er minna en 1, þá eru líkindin viðmiðunarhópnum í hag. Á hinn bóginn eru líkindin hinum hópnum í hag ef líkindahlutfallið er hærra en 1. Niðurstöður sýna að því jákvæðari áhrif sem fólk telur ferðamenn hafa á atvinnulíf og efnahag, þeim mun líklegra er að það telji að lífsgæði sín batni. Einnig sýna niðurstöður að eftir því sem fólk telur ferðamenn hafa jákvæðari áhrif á mannlíf og samfélag þeim mun líklegra er það til að telja lífsgæði sín batna. Þá kom í ljós að eftir því sem fólk telur ferðamenn hafa jákvæðari áhrif á náttúru og umhverfi, því ólíklegra er það til að telja lífsgæði sín versna. Að sama skapi er fólk ólíklegra til að telja lífsgæði sín versna eftir því sem það er jákvæðara hvað varðar áhrif ferðamanna á mannlíf og samfélag. Í heild má því segja að það sé jákvætt samband milli mats fólks á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag og mats á áhrifum ferðamanna á eigin lífsgæði, þegar tekið hefur verið tillit til kyns, aldurs og menntunar.

**Tafla 9: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir flokkabreytur á hvort fólk telji lífsgæði sín batna eða versna með tilkomu ferðamanna**


Óháðar breytur	Lífsgæðin batna	Lífsgæðin hvorki batna né versna	Lífsgæðin versna
<b>Náttúra og umhverfi</b>	1,11		0,27 ***
<b>Atvinnulíf og efnahagur</b>	3,36 ***		1,27
<b>Mannlíf og samfélag</b>	3,46 ***		0,31 ***
<b>Kyn (karlar = 0)</b>			
Kona	0,79 *		0,72
<b>Aldur</b>	0,99		0,97 ***
<b>Menntun (háskólapróf = 0)</b>			
Grunnskólapróf	1,19		1,25
Próf á framhaldsskólastigi	1,22		0,81

Myndir 14 – 16 lýsa sambandinu á myndrænan hátt. Þar er búið að skipta mælikvörðum á mati fólks á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag upp í fjórðunga. Þar sést t.d. að eftir því sem fólk tekur hærra gildi á kvarða yfir


atvinnulíf og efnahag, þeim mun líklegra er það til að telja lífsgæðin batna. Þannig telja nær 80% þeirra sem eru í hæsta fjórðungi kvarðans að lífsgæðin batni með tilkomu ferðamanna en á sama máli eru einungis 15% þeirra sem eru í lægsta fjórðungi kvarðans.



**Mynd 14: Tengsl mats á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi og þess hvort fólk telji lífsgæðin batna eða versna með tilkomu ferðamanna**



**Mynd 15 Tengsl mats á áhrifum ferðamanna á atvinnulíf og efnahag og þess hvort fólk telji lífsgæðin batna eða versna með tilkomu ferðamanna**



**Mynd 16 Tengsl mats á áhrifum ferðamanna á mannlíf og samfélag og þess hvort fólk telji lifsgæðin batna eða versna með tilkomu ferðamanna**

Þátta- og aðhvarfsgreiningarnar sýna að áherslur í viðhorfum landsmanna geta verið mismunandi og að tengsl eru milli viðhorfa landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu við ýmsa þætti.

## 5. NIÐURSTÖÐUR: GREINING Á OPNUM SPURNINGUM KÖNNUNAR 2017

Eins og fram kom í kaflanum um gögn og aðferðir voru tvær opnar spurningar í könnuninni 2017. Svarendur fengu þar tækifæri til að færa í orð hvað væri jákvæðast við ferðaþjónustu í þeirra heimabyggð og hvað væri neikvæðast. Markmiðið með spurningunum var að fá fram vísbindingar frá landsmönnum hvaða tilteknu þætti ferðamennskunnar hér á landi heimamenn (landsmenn) upplifa á jákvæðan eða neikvæðan hátt án þess að það væri afmarkað í lokaðri spurningu með fyrirframgefnum svarmöguleikum. Í kaflanum eru niðurstöður greiningar á svörum landsmanna um hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu og hvað er jákvæðast. Upphafspunktur greiningarinnar er hugmyndin um áhrif ferðamennsku á lífsgæði heimamanna og að áhrifin geti verið bæði jákvæð, sem geti bætt lífsgæðin, og neikvæð, sem geti skert lífsgæðin (Ko og Stewart, 2002; Lankford og Howard, 1994). Vísbindingar um það hvar jákvæðar og neikvæðar áherslur liggja gætu varpað ljósi á hvers megi vænta ef ferðaþjónustan hefur neikvæð áhrif á líf heimamanna. Tekið skal fram að með greiningunni er eingöngu ætlað ná fram vísbindingum sem gætu varpað ljósi á helstu áherslur. Innsýn og skilningur á viðhorfum heimamanna og hvaða kraftar liggja að baki þeim kalla á annars konar gagnaöflun og rannsóknaraðferðir en hér hefur verið beitt.

Greiningin var tvíbætt. Fyrst var kannað hvað væri mest áberandi í svörum landsmanna. Í fyrstu var útbúið svokallað orðaský (e. *word cloud*) úr svörum hvorrar spurningar. Í orðaskýjunum endurspeglast tíðni svaranna í leturstærðinni (því meiri tíðni því stærra letur). Orðaskýin eru gerð úr svörunum eins og þau komu fyrir í gagnasafninu (svör hvers og eins þátttakanda). Í sumum tilfellum er orðalag svaranna mjög svipað t.d. í eintölu/fleirtölu, með/án greinis eða stigbreytt. Í eftirvinnslu gagna voru innsláttar- og málfarsvillur lagfærðar en ekki var átt við orðalag. Af þeim sökum verður skörun í svörum í orðaskýjunum óhjákvæmileg. Til þess að fá skýrari mynd á innihald svaranna en hægt er að ná fram í orðaskýjum voru svörin flokkuð kerfisbundið eftir efni og inntaki. Í upphafi flokkunar var lauslega horft til rannsóknar Olgu Gjeralds<sup>4</sup> (2005) en að endingu var ákveðið að láta efni og inntak svara landsmanna ráða för.

---

<sup>4</sup> Gjerald (2005) tók viðtöl við íbúa á Norðurhöfða (Nordkapp) í Norður-Noregi og kannaði hvernig þeir upplifðu áhrif af ferðaþjónustu í sinni heimabyggð. Alls fann Gjerald 10 áhrifapætti í svörum íbúa. Ólíkt mörgum öðrum rannsóknum fann Gjerald yfirgnæfandi jákvætt viðhorf íbúa á Norðurhöfða og litlar vísbindingar um neikvæðni. Í ljósi þess að í landskönnuninni var bæði spurt um jákvæða og neikvæða hluti var ákveðið að hafa niðurstöður Gjeralds aðeins til hliðsjónar.

Heildarfjöldi jákvæðra svara var tæplega 3.000 og neikvæðra svara var tæplega 2.000. Hvert svar var aðeins flokkað einu sinni. Ef fleiri en eitt atriði kom fram í sama svarinu var aðeins það sem fyrst kom flokkað. Alls voru 57 svör felld út úr jákvæðum svörum og 15 út úr neikvæðum svörum þar sem þau uppfylltu ekki skilyrði til flokkunar (s.s. svör sem höfðu óljósa merkingu).

### 5.1. Greining jákvæðra svara

Heildarfjöldi gildra jákvæðra svara var 2.817. Þessi fjöldi svara bendir til þess að landsmenn sjá margt jákvætt við ferðaþjónustu. Í orðaskýinu á mynd 17 má sjá að nokkuð mörg svör koma skýrt fram. Fjölbreyttara mannlíf, fjölbreytt mannlíf og fjölbreytileiki eru í hópi þeirra algengustu en auk þeirra má sjá svör eins og atvinnuskapandi, aukin atvinna, aukin þjónusta og auknar tekjur.



Mynd 17: Jákvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að mati landsmanna. Heildarfjöldi svara 2.817

Þrjú meginþemu fundust í svörunum og voru svörin flokkuð eftir þeim:

- Efnahagsleg sjónarmið (982 svör, 35% jákvæðra svara)
- Lífskærði (981 svar, 35% jákvæðra svara)
- Samfélagsleg sjónarmið (854 svör, 30% jákvæðra svara)

Innan hvers þema fundust 3-5 áherslur eða undirflokkar, alls 12 talsins. Í töflu 10 má sjá samantekt á flokkuðum svörum, fjölda þeirra ásamt dænum um orðalag.

### Efnahagsleg sjónarmið

Alls fjölluðu 982 svör um að efnahagsleg áhrif væri það jákvæðasta við ferðaþjónustuna sem skapaði tekjur og bætti lífskjörin. Þrenns konar áherslur voru í svörum um efnahagsleg áhrif; störf og atvinnutækifæri, tekjur og lífskjör, efnahagur og hagsæld sem greint er frá hér fyrir neðan út frá svörum landsmanna:

- **Störf og atvinnutækifæri:** 500 svör: Í svörum landsmanna kom fram að ferðaþjónustunni fylgdu tækifæri til að efla atvinnulíf í heimabyggðinni og skapaði margvísleg tækifæri til atvinnu fyrir íbúana. Ef horft er til svarafjölda voru störf og atvinnutækifæri stærsti einstaki undirflokkur jákvæðra svara.
- **Tekjur:** 345 svör: Auknum tækifærum til atvinnusköpunar fylgja tækifæri fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að afla tekna í ferðaþjónustu. Sveitarfélögin fá einnig tekjur af ferðaþjónustu s.s. í formi skatttekna.
- **Lífskjör, efnahagur, hagsæld:** 137 svör: Afleiðing tækifæra til atvinnusköpunar og tekjuöflunar eru batnandi lífskjör og efnahagur auk bættra búsetuskilyrða fyrir íbúana.

### Lífskærði

Betri lífskærði var nánast jafnstórt meginþema og efnahaglsegu sjónarmiðin með 981 svar. Með bættum lífskærðum er átt við að ferðaþjónusta bæti daglegt líf eða geri fólk kleift að búa í viðkomandi svæði og styður við þann lífsmáta eða búskaparhætti sem það kýs sér. Fjórar áherslur fundust í svörum landsmanna:

- **Afþreying og þjónusta:** 432 svör: Ferðaþjónustu fylgir ný eða betrumbætt afþreying og þjónusta ásamt betri/aukinni verslun sem í sumum tilfellum væri erfitt að hafa ef ekki væri fyrir ferðamenn en heimamenn njóti einnig góðs af.
- **Drifkraftur/lífsviðurværi:** 271 svar: Ferðaþjónustan er drifkraftur sem heldur hjólum samfélagsins gangandi og það geti leitt til uppgangs/uppbryggingar og nýsköpunar og leiðir til meiri framtakssemi, batnandi lífs og velmegunar íbúa.
- **Ánægja og bjartsýni:** 206 svör: Ferðaþjónusta og ferðamenn glæða samfélagið og bæjarfélög lífi. Íbúar eru jákvæðir og bjartsýni eykst.
- **Grunngerð og viðhald:** 72 svör: Ferðaþjónustu fylgja umbætur eða uppbrygging á grunngerð (e. *infrastructure*), aðstaða batnar sem og viðhald sem heimamenn njóta einnig góðs af og það bæti lífskærði þeirra.

### Samfélagsleg sjónarmið

Svör sem tengdust samfélagslegum sjónarmiðum snéru mest að viðhorfum um áhrif ferðamennsku á samfélagið og sýn landsmanna á eigið samfélag. Ferðamenn voru taldir vera litríkur þáttur í hversdagsleikanum og opna augu íbúanna. Þeir væru uppsprettu nýrra hugmynda og innblásturs. Landsmenn komu auga tækifæri til að læra og kynnast nýrri menningu og þekkingu sem endurkastast á samfélag heimamanna og getur leitt til aukins skilnings eða umburðalyndis. Alls tengdust 854 svör samfélagslegum sjónarmiðum sem höfðu fimm áherslur:

- **Mannlíf:** 490 svör: Fjölbreytt(ara), auðgað, litríkt og iðandi mannlíf sem heimamenn bæði njóta góðs af og hafa gaman að. Ef horft er til svarafjölda var mannlíf annar stærsti einstaki undirflokkur jákvæðra svara á eftir störfum og atvinnutækifærum.
- **Fjölbreytileiki:** 222 svör: Hvers kyns fjölbreytileiki sem oft og tíðum er ekki útskýrður frekar en skiptir engu að síður máli í samféluginu.
- **Menningaraðlögun** (e. *Acculturation*): 70 svör: Snýr að því hvernig heimamenn upplifa nærveru ferðamanna á svæðinu/í samféluginu og hvort ferðamenn og ferðaþjónusta setji mark sitt á menningu heimamanna sem geti breytt gildum, síðum og venjum heimamanna. Heimamenn fylgjast með ferðamönnum (sjá ný andlit) og (mikilvæg) samskipti milli einstaklinga úr hvorum hópi kunna að eiga sér stað.
- **Samfélagsrýni:** 58 svör: Hugleiðingar landsmanna um eigið samfélag (samfélagsspegill) sem varpa ljósi á hvað skiptir máli í samféluginu, opna augun fyrir tækifærum heimamanna til að læra og upplifa.
- **Samfélagsgerðin** (e. *Community structure*): 14 svör: Breytingar á samsetningu samfélags heimamanna geta fylgt þróun ferðaþjónustu sem geta haft áhrif á hefðir og venjur innan samfélagsins. Nýtt fólk kemur inn í samfélagið tímabundið (t.d. yfir háönn ferðaþjónustunnar) eða til langframa vegna starfa í ferðaþjónustu. Tengsl geta myndast milli aðfluttra og þeirra sem fyrir eru.

**Tafla 10: Jákvæðstu hliðar ferðaþjónustunnar - áherslur landsmanna**

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Efnahagsleg sjónarmið	Störf og atvinnutækifæri	982	<p>Aukin atvinnna Eflir atvinnulífið hérrna Fjölbreyttari störf Skapar atvinnu fyrir fólkid sem býr hérrna</p>
	Tekjur	345	<p>Peningar Meiri tekjur Allir græða á svæðinu, menn gera það gott</p>
	Lífskjör, efnahagur, hagsæld	137	<p>Bættur efnahagur Innspýting í hagkerfið og gefur tekjur í þeim sveitarfélögum þar sem ferðamennska er Aukinn gjaldeyrir til landsins Peningurinn sem þeir [ferðamennirnir] dæla inn í samfélagið</p>
Lífsgæði	Afþreying og þjónusta	981	
	Driftkraftur/lífsviðurværi	432	<p>Bætt þjónusta Meiri afþreying í boði Fleiri veitingastaðir Lengri opnumartímar í búðum</p>
	Ánægja og bjartsýni	271	<p>Eykur verslun og viðskipti Uppbygging í kringum ferðaþjónustu Styrkir búsetu Ný tækifæri</p>
	Grunngerð og viðhald	206	<p>Aukin ánægja heimamanna Lifnar yfir öllu Meira líf í bænum Gaman að sjá að ferðamenn vilja koma hingað</p>
Samfélagsleg sjónarmið	Mannlíf	72	<p>Aðgengi batnar Bætt vegakerfi Hefur hvatt til þess að gera bæinn fallegr, og bærinn lifnar við á sumrin</p>
	Fjölbreytileiki	854	
	Menningaraðlögun	490	<p>Aukið mannlíf Bætt mannlíf Fjölbreytileiki mannlífs</p>
	Samfélagsrýni	222	<p>Eykur fjölbreytni Fjölbreytileikinn Fjölbreytni yfirhöfuð</p>
	Samfélagsgerðin	70	<p>Kynnast nýju fólk og menningarheimum Maður sér fleiri andlit Sjá hvað það [ferðafólk] er lífsglatt og duglegt</p>
		58	<p>Ný sýn á hlutina, sér hlutina í nýju ljósi Eykur viðsýni Jákvæðara viðhorf til heimabyggðar</p>
		14	<p>Eflir samfélagið Fjölbreytni í störfum dregur að fleira fólk</p>

## 5.2. Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustuna?

Sýn landsmanna á jákvæðar hliðar ferðaþjónustunnar virðist vera nokkuð vel mótuð og í góðum takti við það sem sést hefur í erlendum rannsóknum (sbr. það sem fram kemur í inngangi skýrslunnar). Þetta sést meðal annars í orðaskýinu á mynd 17 þar sem efnahagsleg sjónarmið og bætt lífsgæði skara fram úr. Í orðaskýinu er áberandi mikill fjöldi líkra orða eða orða sem hafa svipaða merkingu. Greiningin hér að ofan sýnir að í augum landsmanna eru

efnahagsleg sjónarmið og bætt lífsgæði jákvæðustu hliðar ferðapjónustunnar. Algengustu áherslurnar eru störf og atvinnutækifæri og mannlíf langalgengustu áherslurnar með samanlagt um 35% af heildarfjölda jákvæðra svara. Þar á eftir kemur bætt aðgengi landsmanna að þjónustu og afþreyingu sem hefur komið til vegna ferðamanna og bætir í sumum tilfellum búsetu og lífsmáta fólks í (heima)byggðum landsins. Auk þess eru margar jákvæðra hliða ferðapjónustunnar í augum landsmanna óhlutstæðar en engu að síður gildishlaðnar. Má þar nefna hugmyndir á borð við fjölbreytileika eða tilfinningar á borð við ánægju, gleði og bjartsýni sem erfitt er að mæla en hafa áhrif á íbúana og bæta daglegt líf þeirra.


Ef svörin eru greind eftir landshlutum kemur í ljós að flest jákvæð svör komu frá Norðurlandi (466) og fæst frá Vestfjörðum (361) (tafla 11). Þá kemur einnig í ljós að í nokkrum landshlutum voru áherslur ólíkar því sem sást á landsvísu. Efnahagsleg sjónarmið voru mest ríkjandi á Reykjanesi og á Suðurlandi en voru síður nefnd á höfuðborgarsvæðinu en öðrum landshlutum. Bæði á Reykjanesi og Suðurlandi vógu þyngst störf og atvinnutækifæri en síður á höfuðborgarsvæðinu. Á Vesturlandi var meiri áhersla á lífsgæðin samanborið við landsmeðaltalið. Skiptir þar mestu drifkrafturinn/lífsviðurværið og afþreying og þjónusta sem ferðapjónustunni fylgir. Á Vesturlandi og á Suðurlandi var minnst áhersla á samfélagsleg sjónarmið. Var það einkum mannlífið sem hafði hlutfallslega minna vægi samanborið við landsmeðaltalið. Á höfuðborgarsvæðinu voru samfélagsleg sjónarmið mest ríkjandi í svörum og munar þar mest um hlutfall svara tengdum mannlífi og fjölbreytileika sem var hærra en á landsvísu.

**Tafla 11: Hlutfallsleg skipting jákvæðra svara og áherslur eftir landshlutum**

	Ísland	Austurland	Höfuðborg	Norðurland	Reykjanes	Suðurland	Vestfirðir	Vesturland
<b>Efnahagsleg sjónarmið</b>	<b>35%</b>	<b>32%</b>	<b>30%</b>	<b>35%</b>	<b>40%</b>	<b>40%</b>	<b>32%</b>	<b>35%</b>
Störf og atvinnutækifæri	18%	18%	11%	17%	20%	21%	16%	21%
Tekjur	12%	10%	13%	14%	14%	13%	10%	11%
Lífskjör, efnahagur, hagsæld	5%	4%	6%	3%	6%	6%	6%	4%
<b>Lífsgæði</b>	<b>35%</b>	<b>38%</b>	<b>33%</b>	<b>30%</b>	<b>30%</b>	<b>36%</b>	<b>35%</b>	<b>43%</b>
Drifkraftur/lífsviðurværi	10%	11%	6%	7%	9%	11%	10%	13%
Ánægja og bjartsýni	7%	7%	8%	6%	8%	6%	10%	8%
Afþreying og þjónusta	15%	17%	17%	15%	11%	17%	12%	17%
Grunngeð og viðhald	3%	3%	2%	1%	2%	3%	2%	5%
<b>Samfélagsleg sjónarmið</b>	<b>30%</b>	<b>30%</b>	<b>38%</b>	<b>35%</b>	<b>30%</b>	<b>24%</b>	<b>33%</b>	<b>22%</b>
Aðlögun	2%	3%	3%	2%	3%	2%	4%	2%
Samfélagsgerðin	0%	0%	0%	0%	1%	1%	1%	0%
Mannlíf	17%	19%	20%	21%	16%	12%	19%	15%
Fjölbreytileiki	8%	6%	12%	9%	9%	6%	8%	5%
Samfélagsrýni	2%	1%	3%	3%	2%	2%	2%	2%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>2.817</b>	<b>418</b>	<b>405</b>	<b>466</b>	<b>344</b>	<b>433</b>	<b>361</b>	<b>390</b>

### 5.3. Greining neikvæðra svara

Heildarfjöldi gildra neikvæðra svara var 1.814 eða rétt rúmlega eitt þúsund færri en fjöldi jákvæðra svara. Í orðaskýinu á mynd 18 má sjá umtalsvert meiri dreifingu í svörum en sást í jákvæðum svörum á mynd 17. Auk þess er letur stærstu orðanna mun minna á mynd 18, sem þýðir að þau komu ekki eins oft fyrir samanborið við þau stærri sem komu fyrir á mynd 17. Tölувert meiri fjölbreytni var í orðalagi neikvæðra svara en þeirra jákvæðu sem sést best á miklum fjölda smáletraðra orða og setninga í orðaskýinu en 86% allra svara komu aðeins fyrir einu sinni eða tvisvar. Mynd 18 sýnir að sóðaskapur, umferðin, umgengi, umgengni ferðamanna og átroðningur voru fimm algengustu neikvæðu svörin.



**Mynd 18: Neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að mati landsmanna. Heildarfjöldi svara 1.814**

Fjögur meginþemu fundust við greiningu og voru svörin flokkuð eftir þeim:

- Efnahagsleg sjónarmið (93 svör, 5% neikvæðra svara)
- Lífsgæði (675 svör, 37% neikvæðra svara)
- Ummerki í umhverfi (592 svör, 33% neikvæðra svara)
- Ágreiningur (454 svör, 25% neikvæðra svara)

Innan hvers þema fundust 2-6 áherslur eða undirflokkar, alls 14 talsins. Í töflu 12 má sjá samantekt á flokkuðum svörum, fjölda þeirra ásamt dænum um orðalag.

### Efnahagsleg sjónarmið

Nokkur dæmi voru um að landsmenn fyndu fyrir neikvæðum áhrifum á eigin efnahag, samfélagsins eða sveitarfélagsins vegna ferðamanna eða ferðaþjónustu. Tvenns konar áherslur fundust:

- **Verð hækkar:** 57 svör: Aukinn kostnaður sem heimamenn finna fyrir eða kostnaður sem þeir telja að falli á þjóðarbú, sveitarfélag eða samfélagið. Heimamenn finna fyrir því að vörur og þjónusta hækka í verði vegna ferðamanna.
- **Störf og tekjur:** 36 svör: Möguleikar einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera til að fá tekjur af ferðamönnum eru takmarkaðir. Hugmyndir landsmanna um að í ferðaþjónustu væru láglauastörf og í þeim væru litlar framtíðarhorfur.

### Lífsgæði

Lífsgæði voru stærsta meginþemað með 675 svör. Landsmönnum fannst ferðaþjónusta skerða daglegt líf og koma í veg fyrir að fólk nytí þess að búa á viðkomandi svæði og hindraði á einn eða annan hátt þann lífsmáta eða þá búskaparhætti sem fólk hefur kosið sér í heimabyggðinni.

Sex áherslur um skert lífsgæði fundust:

- **Grunngerð og viðhald:** 285 svör: Heimamenn telja að grunngerð, viðhald og uppbygging haldi ekki í við aukið álag sem og vaxandi fjölda og umferð ferðamanna og heimamenn líða fyrir. Þeir telja brýna þörf á að bæta aðbúnað eða aðstöðu við ferðamenn sem stendur undir fjöldanum. Í örfáum tilfellum voru dæmi um að aðgengi að vissum svæðum væri of gott fyrir ferðamenn. Í sumum tilfellum er um að ræða eitthvað sem þeir töldu að betur mætti fara og myndi fyrirbyggja önnur vandamál s.s. tengdum háttsemi ferðamanna, óöryggi og ummerki ferðamennsku í umhverfinu.
- **Óöryggi:** 156 svör. Aðstæður sem koma upp sem heimamenn tengja við ferðamenn eða ferðaþjónustu þar sem heimamenn hafa áhyggjur eða finna til óöryggis og aukinnar hættu. Svör í þessum flokki tengdust einkum umferðaröryggi.
- **Ekki pláss fyrir mig!** 118 svör: Aðstæður sem koma upp þar sem heimamenn finna ekki að þeir komist að í sínu daglega umhverfi. Aðgengi að þjónustu og afþreyingu er erfiðara og bið verður lengri en þeir hafa áður vanist. Heimamenn finna til þess að ferðaþjónustan hafi yfirhöndina í daglega lífinu; uppgangur og hraði í ferðaþjónustu hamlar styrkingu samfélagsgerðar og viðhaldi menningar og tungumáli heimamanna. Dæmi eru um skort á húsnæði fyrir heimamenn, hærra leiguverð og að íbúðir séu leigðar ferðamönnum í stað heimamanna.

- Rask:** 58 svör: Aðstæður sem koma upp þar sem heimamenn finna fyrir truflun eða ónæði vegna ferðaþjónustu eða ferðamanna og fá sín ekki notið í friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.
- Afþreying, verslun og þjónusta:** 31 svar: Einhæfara úrval afþreyingar, verslunar og þjónustu sem taki meira mið af þörfum ferðamanna en heimamanna. Vöruburrð getur fylgt aukinni verslun við ferðamenn sem heimamenn líða fyrir.
- Óánægja:** 27 svör: Óánægja meðal heimamanna og neikvætt umtal heimamanna í garð ferðamanna og ferðaþjónustu. Í örfáum tilfellum er neikvæð umræða það neikvæðasta við ferðaþjónustuna.

### Ummerki í umhverfi

Ummerki eftir ferðamennsku eða ferðamenn verða greinilegri í umhverfinu eftir því sem fjöldinn og umferðin verður meiri. Ummerkin verða uppsprettu gremju, vanþóknunar eða aukinnar spennu meðal heimamanna. Tvenns konar áherslur tengdust ummerkjum í umhverfi:

- Umhverfisspjöll:** 331 svar: Sýnileg vegsummerki eftir umgengni ferðamanna eða umferð í og við umhverfi heimanna og í náttúru. Mengun, jarðrask og úrgangur sem ekki á heima á víðavangi og hefur neikvæð áhrif á velferð heimamanna.
- Fjöldi og umferð:** 261 svar: Fjöldi ferðamanna og umferð þeirra í umhverfinu umfram það sem venjulegt er eða þægilegt. Dreifing fjöldans getur verið ójöfn í umhverfinu og í tíma. Í örfáum tilfellum eru gerðar athugasemdir um að ferðamenn séu of fáir eða að þá vanti.

### Ágreiningur

Ósamkomulag eða óeining sem heimamenn koma auga á hjá ferðamönnum eða í ferðaþjónustu og kunna að líða fyrir. Í sumum tilfellum eru það eitthvað sem heimamönnum finnst að hægt væri að gera betur en getur skapað sundrung og leitt til óánægju. Fjórar megináherslur fundust:

- Háttsemi ferðamanna:** 168 svör: Framkoma og hegðun ferðamanna sem ekki fara eftir settum reglum eða viðteknum venjum og er heimamönnum til ama.
- Núnингur við ferðaþjónustu:** 112 svör: Heimamenn telja að ferðaþjónustuaðilar þurfi að vanda betur til verka í sinni starfsemi gagnvart heimamönnum, ferðamönnum og þeim sem starfa í greininni.
- Skipulag vantar!** 104 svör: Heimamenn telja að fyrirtæki, sveitarfélög og ríki þurfi að skipuleggja og undirbúa betur komu ferðamanna og stýra umferð og upplýsingagjöf. Ekki takist að bregðast við fjöldanum og að íbúar, atvinnugrein og hið opinbera séu ekki tilbúin.
- Ferðaþjónustu vantar:** 70 svör: Heimamenn telja að afþreyingu eða þjónustu vanti fyrir ferðamenn á svæðinu.

Tafla 12: Neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar - áherslur landsmanna

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Efnahagsleg sjónarmið	Verð hækkar	93	<p><i>þýðir bara að matur, gisting, upplifun er dýrara fyrir Íslendinga</i></p> <p><i>Hækkandi verðlag</i></p>
	Störf og tekjur	57	<p><i>Skapar illa launuð störf</i></p> <p><i>Ferðafolk sem kemur í bæinn og kaupir ekki þjónustu þar</i></p>
Lífsgæði		675	
	Grunngerð og viðhald	285	<p><i>Aðstöðuleysi fyrir ferðamenn</i></p> <p><i>Skortur á salernisaðstöðu</i></p> <p><i>Veginir ráða ekki við umferð</i></p> <p><i>Einbreiðar brýr í sveitarfélaginu</i></p>
	Óöryggi	156	<p><i>Margir [ferðamenn] ekki ökuhaefir, hættulegir í umferðinni</i></p> <p><i>Erlendir ferðamenn valda meir hættu í umferðinni</i></p> <p><i>Ferðamenn stoppa hvar sem er á veginum og það skapast hætta</i></p>
	Ekki pláss fyrir mig!	118	<p><i>Lengri raðir í verslunum</i></p> <p><i>Húsnaðisleysi, heimamenn fá ekki húsnæði</i></p> <p><i>Truflar mann í verslunum, mikill fjöldi þar inni</i></p> <p><i>Á sumrin getur verið erfitt að komast að vegna þess að allt er bókað</i></p>
	Rask	58	<p><i>Pvælast inn á svæðum þar sem þeir eiga ekki vera</i></p> <p><i>Aukið áreiti</i></p> <p><i>Minni friður en maður er vanur</i></p>
	Afþreying, verslun og þjónusta	31	<p><i>Svakalegt hvað allt einhæfist</i></p> <p><i>Selst allt í búðinni strax</i></p>
	Óánægja og neikvætt umtal	27	<p><i>Allt sem ég elskaði að gera er ferðapjónustan búin að skemma</i></p> <p><i>Umræðan um umgengni ferðamannsins</i></p> <p><i>Allir ferðamenn dæmdir fyrir einn</i></p>
Ummerki í umhverfi		592	
	Umhverfisspjöll	331	<p><i>Þegar illa er farið með landið</i></p> <p><i>Átroðningurinn og sóðaskapurinn</i></p> <p><i>Rusl með þeim, klósettpappír út um allt</i></p> <p><i>Mengun af skemmtiferðaskipum</i></p>
	Fjöldi og umferð	261	<p><i>Allt of margir ferðamenn</i></p> <p><i>Of margir ferðamenn á álagstímum</i></p> <p><i>Of mikil umferð vegna ferðamanna</i></p> <p><i>Samanþjappaður fjöldi</i></p>
Ágreiningur		454	
	Háttsemi ferðamanna	168	<p><i>Fólk sofandi og gerandi þarfir sínar í vegkanti</i></p> <p><i>Fólk virðir ekki merkingar, til dæmis með salernismál</i></p> <p><i>Átroðningur, ferðamenn ekki að fylgja reglum varðandi umgengni</i></p> <p><i>Taka ekki tillit til heimamanna</i></p>
	Núningur við ferðapjónustu	112	<p><i>Bílaleigur leigja bíla út fyrir fólk sem kann ekki að keyra</i></p> <p><i>Fólk hugsar of mikil um að græða peninga</i></p> <p><i>Þegar ferðapjónustu er að selja ferðir á annarra manna lönd</i></p>
	Skipulag vantar	104	<p><i>Hversu seint gengur að gera okkur tilbúin til að taka við ferðamönnum</i></p> <p><i>Airbnb flæðir um allt, stjórnlauost og eftirlitslaust</i></p> <p><i>Ráðum ekki við þennan fjölda ferðamanna</i></p>
	Ferðapjónustu vantar	70	<p><i>Er lítið fyrir þá [ferðamenn] að gera og skoða í heimabyggð</i></p> <p><i>Vantar afþreyingu</i></p>

## 5.4. Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu?

Sóðaskapur, umferðin, umgengni, umgengni ferðamanna og átroðningur voru þau fimm atriði sem skoruðu fram úr í orðaskýinu á mynd 18. Öll þessi orð eiga það sameiginlegt að vera ummerki um ferðamennsku í umhverfinu. Greiningin hér að ofan sýnir að í augum landsmanna eru skerðing á lífsgæðum og ummerki í umhverfi neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar. Algengustu áherslurnar eru umhverfisspjöll, grunngerð/viðhald og fjöldi og umferð ferðamanna. Eitt af hverjum þremur svörum snérist um þessar áherslur.

Svo virðist sem hugmyndir heimamanna um neikvæð áhrif ferðamanna og ferðaþjónustu séu ekki eins fastmótaðar og hugmyndirnar um jákvæðu áhrifin og engin ein hugmynd hefur náð flugi. Í fyrsta lagi var fjöldi neikvæðra svara umtalsvert minni en fjöldi jákvæðra svara. Í öðru lagi var dreifing í neikvæðum svörum töluvert meiri og orðalag svaranna fjölbreytt, sem sést best á því að 86% svara kom aðeins einu sinni eða tvívar sinnum fyrir. Í þriðja lagi fundust fjölbreyttari (og fleiri mismunandi) áherslur í svörunum og afar fáar skoruðu fram úr. Þetta síðastnefnda sést best í dálkinum um Ísland í töflu 13 hér fyrir neðan. Hlutfallsleg dreifing þeirra 14 áherslna sem voru greindar er mikil; það lægsta í flokkinum störf og tekjur (2%) og það hæsta í flokkinum umhverfisspjöll (18%).

Ef horft er á neikvæðu hliðarnar eftir landshlutum kemur í ljós að flest svör komu af höfuðborgarsvæðinu (307) og fæst frá Reykjanesi (190) (tafla 13). Svör tengd skertum lífsgæðum voru mest áberandi á Suðurlandi í samanburði við aðra landshluta. Svör tengd ummerkjum í umhverfi voru mest áberandi á Vestfjörðum, einkum svör sem höfðu áherslur í tengslum við fjölda og umferð ferðamanna. Ágreiningsmál voru meira áberandi á Austurlandi og Vesturlandi en í öðrum landshlutum, þá einkum svör sem tengdust háttsemi ferðamanna.

**Tafla 13: Hlutfallsleg skipting neikvæðra svara og áherslur eftir landshlutum**

	Ísland	Austurland	Höfuðborg	Norðurland	Reykjanes	Suðurland	Vestfirðir	Vesturland
<b>Efnahagsleg sjónarmið</b>	<b>5%</b>	<b>4%</b>	<b>9%</b>	<b>7%</b>	<b>3%</b>	<b>4%</b>	<b>4%</b>	<b>2%</b>
Störf og tekjur	2%	3%	2%	3%	0%	2%	3%	1%
Verðin hækka	3%	1%	7%	4%	3%	2%	2%	1%
<b>Lífsgæði</b>	<b>37%</b>	<b>35%</b>	<b>37%</b>	<b>37%</b>	<b>38%</b>	<b>41%</b>	<b>32%</b>	<b>40%</b>
Afþreying, verslun og þjónust	2%	2%	3%	1%	2%	2%	1%	0%
Ekki pláss fyrir mig!	7%	4%	12%	6%	5%	9%	2%	6%
Öryggistilfinning	9%	7%	5%	10%	13%	10%	7%	9%
Rask/ónæði	3%	3%	6%	1%	3%	3%	4%	3%
Óánægja og neikvætt umtal	1%	1%	1%	1%	4%	1%	3%	1%
Grunngerð og viðhald	16%	18%	10%	18%	12%	16%	16%	20%
<b>Ummerki í umhverfi</b>	<b>33%</b>	<b>31%</b>	<b>30%</b>	<b>34%</b>	<b>32%</b>	<b>33%</b>	<b>40%</b>	<b>29%</b>
Fjöldi og umferð	14%	10%	16%	16%	13%	16%	20%	10%
Umhverfisspjöll	18%	22%	13%	18%	19%	17%	20%	19%
<b>Ágreiningur</b>	<b>25%</b>	<b>29%</b>	<b>24%</b>	<b>22%</b>	<b>26%</b>	<b>22%</b>	<b>23%</b>	<b>29%</b>
Háttsemi ferðamanna	9%	12%	7%	9%	10%	8%	9%	10%
Núningur við ferðaþjónustu	6%	6%	7%	8%	8%	5%	4%	5%
Ferðaþjónustu vantar	4%	3%	3%	1%	4%	3%	6%	7%
Skipulag vantar!	6%	8%	7%	4%	4%	6%	4%	6%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1.814</b>	<b>277</b>	<b>307</b>	<b>275</b>	<b>190</b>	<b>292</b>	<b>240</b>	<b>233</b>

## 6. UMRÆÐUR OG SAMANTEKT

Viðhorf Íslendinga í garð ferðamanna og ferðaþjónustu hafa að mörgu leyti haldist jákvæð frá því könnun á viðhorfum var fyrst gerð árið 2014. Jákvæð viðhorf voru almennt áberandi í þeim greiningum hér að framan. Í þessum lokahluta skýrslunnar eru helstu niðurstöður dregnar saman.

### 6.1. Áfram jákvæðni en sum neikvæð viðhorf hafa styrkst

Engin umbylting hefur orðið á viðhorfum landsmanna til ferðaþjónustu og ferðamanna á milli áranna 2014 og 2017 (tafla 14). Íslendingar telja ferðaþjónustu enn vera efnahagslega mikilvæga og að ferðamenn auki fjölbreytileika mannlífsins. Almennt virðast landsmenn eiga í góðum samskiptum við ferðamenn og finna enn fyrir bættum lífsgæðum vegna ferðamanna í sveitarféluginu án þess að ferðamenn takmarki aðgengi að þjónustu. En viðhorf urðu einnig neikvæðari milli kannana, einkum þegar horft er til áhrifa ferðamanna á umhverfi og náttúru og viðhorfa landsmanna til starfa í ferðaþjónustu. Landsmönnum sem voru þeirrar skoðunar að ferðamenn spilli náttúru landsins sem og upplifun af náttúru landsins fjölgaði milli kannana. Þá töldu fleiri landsmenn en áður að störf í ferðaþjónustu væru annars vegar einhæf og hins vegar illa launuð. Greining eftir bakgrunnsbreytum könnunarinnar 2017 leiddi í ljós að ungt fólk sa einna helst tækifæri til að afla tekna í ferðaþjónustu, líkt og var í könnuninni 2014 (sjá nánar bls. 48 í Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015).

Hröð fjölgun ferðamanna undanfarinna ára hefur orðið til þess að Íslendingar búa núorðið við stöðuga nærveru ferðamanna. Niðurstöður samanburðarins benda til þess að landsmenn hafi almennt ekki áhyggjur af fjölda ferðamanna á Íslandi, hvorki á sumrin né á veturna (þó svo öfgarnar séu meiri yfir veturinn; annað hvort of fáir ferðamenn eða hæfilegur fjöldi). Í könnuninni 2014 kom í ljós að meirihluti landsmanna taldi að fjöldi ferðamanna væri hæfilegur. Í könnuninni þremur árum síðar var meirihluti landsmanna enn sömu skoðunar. Það sem breyttist milli kannana var að landsmenn, sem sögðu fjölda ferðamanna of lítinn, voru orðnir fleiri og þeim fækkaði sem sögðu fjölda ferðamanna of mikinn. Þetta er athyglisverð niðurstaða í ljósi þess að á sama tímabili (2014-2017) fjölgaði erlendum ferðamönnum á Íslandi að jafnaði um 29% á ári (Ferðamálastofa, e.d.). Viðhorf landsmanna til fjölda ferðamanna breyttust ekki í sama takti – eða eru í raun í þversögn– við fjölgunina. Þetta vekur spurningar um það hvernig íbúar landsins upplifa og aðlagast fjölda ferðamanna hverju sinni og hvort breytingar í viðhorfum gerist hægar en áður var talið. Til að svara þeim spurningum

Tafla 14: Helstu breytingar á viðhorfum landsmanna milli kannana 2014 og 2017

Spurningar	Hvernig hafa viðhorf landsmanna breyst?	= Jákvætt = Neikvætt
Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí, ágúst)?	Fjöldi ferðamanna er ennþá hæfilegur að mati meirihluta landsmanna. Fleiri landsmenn telja ferðamenn of fáa en áður.	
Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (september – maí)?	Helmingi landsmanna finnst fjöldi ferðamanna hæfilegur á sumrin. Helmingi landsmanna finnst fjöldinn of líttill. Litlar breytingar milli kannana.	
Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð?	Fleiri landsmenn telja ferðapjónustu mjög mikilvæga efnahagslega en áður.	
Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn í þinni heimabyggð?	Ennþá líkar nú af hverjum tíu landsmönnum vel að eiga samskipti við ferðamenn.	
Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð.	Ennþá telur meirihluti landsmanna ferðamenn efla verslun en þeim fækkar á milli kannana. Á móti telja fleiri landsmenn ferðamenn ekki efla verslun.	
Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð.	Fleiri eru nú ósammála þeirri fullyrðingu að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu.	
Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins.	Nær allir landsmenn telja ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins. Litlar breytingar milli kannana.	
Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land.	Þeir sem telja að ferðamenn kenni okkur að meta eigið land eru enn í meirihluta en þeim fækkar örliðið á milli kannana. Það fjölgar í hópi þeirra sem taka ekki afstöðu.	
Ferðamenn spilla náttúru landsins.	Fleiri landsmenn telja ferðamenn spilla náttúru landsins og eru þeir orðnir í meirihluta.	
Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins.	Þeir sem telja ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins eru enn í meirihluta en þeim fækkar á milli kannana. Það fjölgar í hópi þeirra sem taka ekki afstöðu.	
Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins	Fleiri landsmenn telja ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins en áður. Þeir sem telja ferðamenn ekki spilla upplifun af náttúrunni eru þó enn í meirihluta.	
Telur þú að ferðapjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf?	Fleiri landsmenn telja ferðapjónustu skapa einhæf störf og færri telja störfin vera fjölbreytt.	
Telur þú að ferðapjónustan skapi vel eða illa launuð störf?	Fleiri landsmenn telja að störf í ferðapjónustu vera illa launuð og færri telja störfin vera vel launuð.	
Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim?	Enn telur meirihluti landsmanna ferðamenn bæta lífsgæðin. Litlar breytingar milli kannana.	

þyrfti mælingar sem næðu yfir lengra tímabil og tækju til fleiri þátta enda getur jákvætt viðhorf til fjölda (í þeim skilningi að hæfilegur fjöldi væri jákvætt) ekki jafngilt jákvæðu viðhorfi til ferðamanna og ferðapjónustu. Mikill fjöldi eða hröð fjölgun ferðamanna leiðir ekki sjálfkrafa til neikvæðra upplifana heimamanna á fjöldanum. Mat á fjölda ferðamanna veltur því á samhenginu hverju sinni (Bryon, 2009). Tölur um fjölda ferðamanna munu því einar og sér hvorki gefa vísbendingar um það hversu margir ferðamenn eru of margir ferðamenn né

hvenær þeir verða of margir. Þó svo að Íslendingum sem telja fjölda ferðamanna of mikinn hafi fækkað hlutfallslega milli kannana þá er það engu að síður hópur sem skoða þarf vel þar sem um er að ræða sama hóp og er neikvæður í viðhorfum til annarra þátta. Verður komið að því betur hér síðar.

## 6.2. Jákvæð áhrif á samfélag, lífsgæði og efnahag

Ef horft er til einstakra spurninga könnunarinnar 2017 má sjá að almennt eru landsmenn jákvæðir (sjá viðauka 2). Samanburður á meðaltölum kvarða sem fundir voru með þáttagreiningu sýnir fram á að landsmenn kunnu best að meta áhrif ferðamanna á mannlíf og samfélag en þeir kunnu einnig vel að meta áhrif ferðamanna á atvinnulíf og efnahag. Þessar sömu áherslur skinu einnig í gegn í svörum landsmanna um hvað sé jákvæðast við ferðapjónustu. Þar voru efnahagsleg og samfélagsleg sjónarmið ásamt betri lífsgæðum mjög áberandi. Hugmyndir landsmanna um jákvæð efnahagsleg áhrif snérust um tækifæri til að efla atvinnulíf í heimabyggð og sköpun tækifæra til tekjuöflunar sem leiða til betri lífskjara og búsetuskilyrða. Hugmyndir landsmanna um betri lífsgæði tengdust umbótum á daglegu lífi s.s. bættri afþreyingu, þjónustu eða grunngerð sem leiða til batnandi lífs og velmegunar íbúa og styðja við þann lífsmáta eða búskaparhætti sem fólk kýs sér. Samfélagsleg sjónarmið tengdust m.a. hlut ferðamanna sem litríkum þætti í hversdagsleikanum og uppsprettu nýrra tækifæra.

Mörg þessara atriða eru í raun vel þekkt innan ferðamálafræðinnar og hafa verið skrásett í mörgum erlendum rannsóknum. Hver króna sem ferðamaður eyðir verður upphafið af flæði fjármagns innan tiltekins staðar sem leiðir beint og óbeint til atvinnusköpunar, tekna fyrir heimilin, hagnaðar og fjárfestinga innan atvinnugreinarinnar auk skatttekna. Þá njóta heimamenn góðs af aukinni þjónustu, afþreyingu, bættri grunngerð (s.s. samgöngukerfis) og öðrum tækifærum til félagslegra athafna sem víkka sjóndeildarhringinn og bæta bæði lífsgæði og samfélag (Bryon, 2009).

## 6.3. Því meiri samskipti – því meiri ánægja

Ferðamennska felur í sér samband milli fólks – heimamanna og ferðamanna – sem undir öðrum kringumstæðum hefðu líklega aldrei hist. Slíkt samband getur verið óendenlega fjölbreytt og undir áhrifum margvíslegra hvata, væntinga, reynslu og bakgrunns beggja hópa (Gjarald, 2005). Niðurstöður könnunarinnar 2017 gefa til kynna að ferðamenn eru mjög sýnilegir í umhverfi heimamanna og heimamenn taka eftir þeim. Tæp 80% landsmanna verða

nánast daglega varir við ferðamenn og rétt um 95% verða varir við ferðamenn í hverri viku (sjá töflu 15 í viðauka 2). Tæplega helmingur landsmanna kvaðst eiga í samskiptum við ferðamenn í hverri viku og 9 af hverjum 10 landsmönnum líkar vel að eiga samskipti við ferðamenn (sjá töflur 17 og 19 í viðauka 2).

Í greiningunum var sýnt fram á að tengsl eru milli viðhorfa landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu við ofangreinda þætti. Niðurstöðurnar sýna fram á jákvætt samband milli þess að eiga oft samskipti við ferðamenn og mats landsmanna á áhrifum ferðamanna á atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag. Því oftar sem landsmenn eiga í samskiptum við ferðamenn þeim mun líklegra er að þeir séu jákvæðir í garð áhrifa ferðamanna á atvinnulíf og efnahag sem og mannlíf og samfélag. Einnig er jákvætt samband milli þess hvernig landsmönnum líkar að eiga í samskiptum við ferðamenn og mats þeirra fyr nefndu á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag. Eftir því sem fólk líkar betur við að hafa samskipti við ferðamenn þeim mun líklegra er það til að vera jákvæðara í mati á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamanna.

Auk þess sýna niðurstöðurnar skýrt að jákvætt samband er á milli mats fólks á áhrifum ferðamanna á eigin lífsgæði og mats á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag. Því jákvæðari áhrif sem fólk telur ferðamenn hafa því líklegra er það til að finna til batnandi lífsgæða. Þessar niðurstöður eru í góðu samræmi við það sem fram kom í viðhorfum landsmanna um jákvæðustu þætti ferðaþjónustunnar þar sem efnahagsleg og samfélagsleg sjónarmið ásamt bættum lífsgæðum komu skýrt fram.

### 6.4. Skerðing lífsgæða leiðir til óánægju

Þrátt fyrir að jákvæð viðhorf hafi oftast einkennt svör landsmanna þá eru landsmenn ekki einsleitur hópur. Það er afar hæpið að allir innan tiltekins samfélags muni bregðast við á sama hátt. Í skýrslu Edwards H. Huijbens og Eyrúnar Jennýjar Bjarnadóttur (2015) um niðurstöður könnunarinnar 2014 var velt upp þeirri spurningu hvort einhverjur Íslendingar væru orðnir fráhverfir eigin samfélagi vegna ferðamanna. Á þeim tíma höfðu litlar vísbendingar fundist í gögnunum um óánægju meðal landsmanna sem gæti rennt stoðum undir þann mögleika. Vísbendingar var helst að finna í tengslum við viðhorf landsmanna til fjölda ferðamanna en frekari greiningar stóðust ekki tölfræðileg marktæknipróf.

Í könnuninni 2014 kom í ljós að tæplega 30% landsmanna fannst fjöldi ferðamanna vera heldur eða of mikill á sumrin. Þremur árum síðar hafði lítillega fækkað í þessum hópi eins og áður sagði. Það kom hins vegar í ljós í báðum könnunum að neikvæðustu viðhorfin til ferðamanna

---

og ferðaþjónustu voru meðal þeirra sem sögðu að fjöldi ferðamanna væri of mikill. Með öðrum orðum þá kom í ljós að þeir landsmenn sem töldu ferðamenn vera of marga voru marktækt líklegastir til að finna til versnandi lífsgæða. Þekkt er að þegar íbúar finna að ferðaþjónusta er farin að skerða daglegt líf heimamanna dvíni stuðningur þeirra við ferðaþjónustu (Perdue, Long og Allen, 1987 í Almeida-García ofl., 2015). Það kom í ljós í greiningunum að því minni samskipti sem landsmenn höfðu við ferðamenn því neikvæðari urðu viðhorf þeirra fyrrnefndu. Þetta bendir til þess að í einhverjum tilfellum byggja viðhorfin á einhverju öðru en persónulegri reynslu af ferðamönnum. Áhugavert væri að kanna betur hvernig á því standi að viðhorf landsmanna gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu verði neikvæðara því minni sem samskiptin við ferðamenn eru. Í því skyni væri æskilegt að beita annari aðferðafræði en hér er gert, t.d. með því að taka viðtöl, rýna í fjölmíðlaumræðu um ferðamál og ferðaþjónustu og fleira í þeim dúr.

Það vekur einnig eftirtekt að hugmyndir landsmanna um neikvæðar hliðar ferðaþjónustu og ferðamennsku voru ekki jafn fastmótaðar og hugmyndirnar um jákvæðar hliðar hennar. Ljóst er þó að skerðing á lífsgæðum og ummerki í umhverfi eru þar efst á lista. Það kann að hafa alvarlegar efnahagslegar og pólitískar afleiðingar ef horft er framhjá neikvæðum áhrifum af sambandi ferðamanna og íbúa. Afleiðing þessa gæti verið dvínandi stuðningur íbúa við stefnu í ferðamálum, tregða til að vinna í ferðaþjónustu og minnkandi vilji til að kynna orðspor svæðisins. Það gæti því hægt verulega á þróuninni vegna mótmæla íbúanna eða þegar hegðun gagnvart ferðamönnum verður fjandsamleg (Bryon, 2009). Það er því mikilvægt að hlusta vel eftir röddum heimamanna og bregðast við áður en í óefni fer.

## 7. LOKAORD

Íbúar eru mikilvægur hópur hagsmunaaðila sem verðskuldar virkt umboð til þátttöku í þróun og skipulagningu ferðamennsku og ferðaþjónustu. Hins vegar eru íbúar sem hagsmunaaðilar í ekki einsleitur hópur þar sem allir hafa sömu upplifanir, hugsanir, tilfinningar og hegðun. Viðhorf og skynjun íbúa á ferðamönnum og ferðaþjónustu eru fjölbreytt; þau munu taka breytingum í tíma og rúmi og eru undir áhrifum af mörgum mismunandi áþreifanlegum og óáþreifanlegum þáttum. Íbúarnir eru sá hópur hagsmunaaðila sem hefur hvað mestu að tapa og hvað mest að vinna af ferðaþjónustu. Enn er þó margt óljóst í tengslum við það hvers vegna tilteknir þættir virðast hafa áhrif eða eru mikilvægir í augum íbúa á áfangastað en sterkar vísbendingar eru um að þau velti á samhengi og sérkennum hvers staðar hverju sinni.

Sjónarmið íbúa hvað varðar uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu hér á landi er mikilvægur liður í sjálfbærnisumræðunni á Íslandi. Greiningarnar sem koma fram í skýrslunni gefa aðra og nýja sýn á viðhorf heimamanna úr gögnunum sem voru fyrir hendi og hafði áður verið skilað til Vöruhúss gagna. Kominn er vísis að tímalínu gagna sem bætir við fleiri vísbendingum sem raðast inn í heildarmyndina. Næsta skref er að kafa dýpra í einstök samfélög og reyna með því móti að greina betur sértækar og staðbundnar áskoranir sem fylgja uppbyggingu ferðaþjónustu og móttöku ferðamanna vítt og breitt um landið.

## HEIMILDIR

- Almeida-García, F., Balbuena-Vázquez, A. og Cortés-Macías, R. (2015). Residents' attitudes towards the impacts of tourism. *Tourism Management Perspectives*. 13, 33-40.
- Alvarez-Sousa, A. (2018). The problems of tourist sustainability in cultural cities: Socio-political perceptions and interests management. *Sustainability*. 10(2), 1-30. <https://doi.org/10.3390/su10020503>
- Bimonte, S. og Punzo, L.F. (2016). Tourist development and host–guest interaction: An economic exchange theory. *Annals of Tourism Research*. 58, 128-139.
- Bryon, J. (2009). Tourism and residents in the city: some critical observations. *Acta Geographica Lovaniensia*. 38, 159-176.
- Deery, D., Jago, L. og Fredline, L. (2012). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*. 33, 64-73.
- Doxey, G.V. (1975). A causation theory of visitor-resident irritants: Methodology and research inferences. Í enginn ritstjóri, bls. 57-72, *The Impact of Tourism: Travel Research Association Sixth Annual Conference Proceedings September 8-11*. San Diego, CA: Travel and Tourism Research Association.
- Easterling, D. (2004). The residents' perspective in tourism research: a review and synthesis. *Journal of Travel and Tourism Marketing*. 18(4), 45-62.
- Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2015). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðapjónustu. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Eshliki, S.A. og Kaboudi, M. (2012). Community Perception of Tourism Impacts and Their Participation in Tourism Planning: A Case Study of Ramsar, Iran. *Procedia - Social and Behavioral Sciences*. 36, 333-341.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). *Greining á áhrifum ferðapjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Ferðamálastofa. (e.d.). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna. <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna> síðast skoðað 5. júlí 2018.
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2014). *Viðhorf Íslendinga til ferðapjónustu. Unnið fyrir Ferðamálastofu*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gartner, W.C. (1996). *Tourism Development. Principles, Processes and Policies*. New York: Van Nostrand Reinhold.
- Gjerald, O. (2005). Sociocultural impacts of tourism: A case study from Norway. *Journal of Tourism and Cultural Change*. 3(1), 36-58.

- Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðapjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Gunn, C. (1994). *Tourism Planning: Basics, Concepts, Cases*. Washington DC: Taylor Francis.
- Ko, D.W. og Stewart, W.P. (2002). A structural equation model of residents' attitudes for tourism development. *Tourism Management*. 23, 521-530.
- KPMG (2016). *Framtíð ferðapjónustunnar á Íslandi árið 2030. Sviðsmyndir og áhættugreining*. Unnið fyrir Stjórnstöð Ferðamála. Reykjavík: KPMG.
- Kristján Ólafsson og Oddný Þóra Óladóttir. (2013). *Pörfin fyrir rannsóknir í íslenskri ferðapjónustu. Greining hagsmunaaðila*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Lankford, S.V. og Howard, D.R. (1994). Developing a tourism impact attitude scale. *Annals of Tourism Research*. 21(1), 121-139.
- Lundberg, E. (2017). The importance of tourism impacts for different local resident groups: A case study of a Swedish seaside destination. *Journal of Destination Marketing & Management*. 6, 46-55.
- Markaðs- og miðlarannsóknir. (2017). *Ferðalög Íslendinga 2016. Spurningavagn MMR, Ferðamálastofa*.  
[http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/mars/innanlandskonnun/1701\\_fms\\_final\\_v4\\_16mars.pdf](http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/mars/innanlandskonnun/1701_fms_final_v4_16mars.pdf) síðast skoðað 22. mars 2017.
- Prayag, G., Hosany, S., Nunkoo, R. og Alders, T. (2013). London residents' support for the 2012 Olympic Games: the mediating effect of overall attitude. *Tourism Management*. 36, 629-640.
- Ribeiro, M.A., Pinto, P., Silva, J.A. og Woosnam, K.M. (2017). Residents' attitudes and the adoption of pro-tourism behaviours: The case of developing island countries. *Tourism Management*. 61, 523-537.
- Šegota, T., Mihalič, T. og Kuščer, K. (2017). The impact of residents' informedness and involvement on their perceptions of tourism impacts: The case of Bled. *Journal of Destination Marketing & Management*. 6, 196-206.
- Sharpley, R. (2014). Host perceptions of tourism: A review of the research. *Tourism Management*. 42, 37-49.
- Stjórnarráð Íslands. (2016, 19. maí). *135 milljónir í rannsóknir í ferðapjónustu*.  
<https://www.stjornarraddir.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2016/05/19/135-milljonir-i-rannsoknir-i-ferdathjonustu/> síðast skoðað 8. júlí 2018.
- Tosun, C. (2002). Host perceptions of impacts: A comparative tourism study. *Annals of Tourism Research*. 29(1), 231-253.

## VIÐAUKI 1: SPURNINGALISTI

### Könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017

*ATH: eft talað er um þína heimabyggð í spurningunum þá er átt við þann stað eða bæjarfélag sem þú býrð í eða það sem þú miðar við sem þitt daglega umhverfi eða nærsamfélag.*

1. Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð?
  - a. Nánast daglega
  - b. 1-3 sinnum í viku
  - c. 1-3 sinnum í mánuði
  - d. Sjaldnar en einu sinni í mánuði

98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
2. Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann þ.e. á tímabilinu júní – ágúst? (*með samskiptum er átt við atriði eins og að vísa fólk til vegar, svara fyrirspurnum á förum vegi o.s.frv.*)
  - a. Nánast daglega
  - b. 1-3 sinnum í viku
  - c. 1-3 sinnum í mánuði
  - d. Sjaldnar en einu sinni í mánuði

98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
3. Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð?  
Myndirðu segja að þér líki það vel eða illa?
  - a. Mjög vel
  - b. Frekar vel
  - c. Hef ekki skoðun/hvorki vel né illa
  - d. Frekar illa
  - e. Mjög illa
  - f. Hef engin/ekki haft nein samskipti við ferðamenn

98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
4. Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? Finnst þér að fjöldi ferðamanna í þinni heimabyggð sé of lítill á sumrin, of mikill eða hæfilega mikill?
  - a) Allt of mikill
  - b) Heldur of mikill
  - c) Hæfilegur
  - d) Heldur of lítill
  - e) Allt of lítill

98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara

5. Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept. til loka maí)? Finnst þér að fjöldi ferðamanna í þinni heimabyggð sé of lítill á veturna, of mikill eða hæfilega mikill?
- Allt of mikill
  - Heldur of mikill
  - Hæfilegur
  - Heldur of lítill
  - Allt of lítill
- 98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
6. Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu í þinni heimabyggð?
- Hún er alls ekki mikilvæg
  - Hún er frekar lítið mikilvæg
  - Hún er nokkuð mikilvæg
  - Hún er mjög mikilvæg
- 98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
7. Nú koma nokkrar fullyrðingar um áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku á verslun og þjónustu. Ég ætla að lesa þær upp og biðja þig að segja mér hvort þú sért þeim sammála eða ósammála. Sú fyrsta er svona: (svarmöguleikar við hverja: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
- Ferðaþjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér
  - Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð
  - Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð
8. Nú koma nokkrar fullyrðingar um áhrif ferðamennsku á samfélagið.
- Svarmöguleikarnir eru þeir sömu og í síðustu spurningu. (svarmöguleikar við hverja: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
- Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins
  - Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra
  - Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður
  - Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja mína heimabyggð
  - Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað
  - Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður
  - Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna
  - Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna
9. Nú koma nokkrar fullyrðingar um áhrif af ferðaþjónustu sem ég ætla að lesa upp.
- Svarmöguleikarnir eru aftur þeir sömu og síðast. (svarmöguleikar við hverja: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
- Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðaþjónustu.
  - Ferðaþjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð

- c. Ég tel að ferðaþjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi
- d. Fáir aðilar njóta efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu í minni heimabyggð
- e. Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki innheimta sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína
- f. Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög geti innheimt gjald af ferðamönnum fyrir notkun bílastæða
- g. Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög geti innheimt gjald af **ferðamönnum** vegna ferða á friðuðum eða friðlýstum svæðum
- h. Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög geti innheimt gjald af **ferðaþjónustufyrirtækjum** vegna ferða á friðuðum eða friðlýstum svæðum

10. Og næst koma nokkrar fullyrðingar um áhrif ferðamanna á náttúru Íslands.

(svarmöguleikar við hverja: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

- a. Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land
- b. Ferðamenn spilla náttúru landsins
- c. Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins
- d. Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins

11. Telur þú að ferðaþjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf?

- a) Mjög fjölbreytt b) Frekar fjölbreytt c) Bæði fjölbreytt og einhæf störf d) Frekar einhæf e)  
Mjög einhæf 98) Veit ekki 99) vil ekki svara

12. En telur þú að ferðaþjónustan skapi að jafnaði vel eða illa launuð störf?

- a) Mjög vel launuð b) Frekar vel launuð c) Bæði vel og illa launuð störf d) Frekar illa launuð e)  
Mjög illa launuð 98) Veit ekki 99) vil ekki svara

13. Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim?

- a. Lífsgæðin batna
  - b. Lífsgæðin hvorki batna né versna
  - c. Lífsgæðin versna
- 98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara

14. Nú ætla ég að spyrja aðeins um innviði ferðaþjónustu. Hvernig myndir þú meta ástand eftirfarandi innviða ferðaþjónustu í þinni heimabyggð?

	Mjög gott	Frekar gott	Hvorki gott né slæmt	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Veit ekki	Vil ekki svara
<b>Vegakerfi</b>							
<b>Almenningssamgöngur</b>							
<b>Bílastæði</b>							
<b>Skilti og merkingar</b>							
<b>Göngustígar og gönguleiðir</b>							
<b>Almenningssalerni</b>							
<b>Annað, þá hvað (vinsamlegast tilgreinið)</b>							

15. Starfar þú við ferðapjónustu?

- a. Já
- b. Nei >> Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu?

Já

Nei >> Af hverju ekki?(Stutt svar) \_\_\_\_\_

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

16. Hefur þú eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum?

- a. Já, allt árið
  - b. Já, hluta úr því
  - c. Nei
- 98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara

17. Í hvaða póstnúmeri býrð þú?

- a. Póstnúmer: \_\_\_\_\_ 98. Vil ekki svara 99. Veit ekki

18. Hvað hefur þú búið lengi þar sem þú býrð nú (þ.e. í sama póstnúmeri)?

- a. 5 ár eða skemur
  - b. 6-10 ár
  - c. 11-20 ár
  - d. 21-30 ár
  - e. Lengur en 30 ár
- 98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara

19. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?

- a. Grunnskólanám eða minna (t.d. grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf)
  - b. Stúdentspróf eða iðnnám
  - c. Annað starfsnám
  - d. Háskólapróf
- 98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara

20. Hver er staða þín á vinnumarkaði?

- a. Í launuðu starfi
  - b. Sjálfstætt starfandi
  - c. Atvinnurekandi
  - d. Í námi
  - e. Á eftirlaunum
  - f. Öryrki
  - g. Atvinnuleitandi
  - h. Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi
  - i. Heimavinnandi
  - j. Annað
- 98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara

21. Nú er koma að lokaspurningunum. Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? Geturðu nefnt eitt til tvö atriði?

- a. Nr 1\_\_\_\_\_
- b. Nr 2\_\_\_\_\_

22. En hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? Það má nefna eitt til tvö atriði.

- a. Nr 1\_\_\_\_\_
- b. Nr 2\_\_\_\_\_

#### **Upplýsingar sem fást með þjóðskrárúrtakinu**

23. Kyn

- a. Karl
- b. Kona

24. Aldur (fæðingarár)

## VIÐAUKI 2. NIÐURSTÖÐUR TÖLFRÆÐIGREININGAR

**Tafla 15: Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? - Tíðnitafla**

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Nánast daglega	1.850	78,1%	78,3%
1-3 sinnum í viku	378	15,9%	16,0%
1-3 sinnum í mánuði	83	3,5%	3,5%
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	52	2,2%	2,2%
Gild svör	2.363	99,7%	100,0%
<hr/>			
Gildir svarendur	2.363	99,7%	
Veit ekki	3	0,1%	
Vil ekki svara	2	0,1%	
Svöruðu ekki	2	0,1%	
Heildarfjöldi	2.370	100,0%	

**Tafla 16: Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? - Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi	(með vigt)
		%	%	%	%	N	
Kyn *							
Karl		78,3%	16,0%	3,5%	2,2%	2363	2317
Kona		80,6%	14,4%	2,8%	2,2%	1198	1175
Aldur							
18 - 29 ára		75,8%	17,6%	4,3%	2,2%	1165	1142
30 - 44 ára		73,4%	17,8%	5,1%	3,7%	269	289
45 - 59 ára		79,2%	15,4%	4,0%	1,4%	584	581
60 ára og eldri		79,9%	15,6%	2,6%	1,9%	749	713
Menntun							
Grunnskólanám eða minna		82,5%	12,8%	2,7%	1,9%	517	506
Stúdentspróf eða iðnnám		76,6%	18,0%	3,5%	1,9%	802	791
Annað starfsnám		83,9%	10,9%	1,7%	3,5%	174	169
Háskólapróf		76,1%	17,2%	4,2%	2,5%	844	825
Búseta ***							
Austurland		82,7%	14,2%	2,0%	1,1%	354	348
Höfuðborgarsvæðið		61,1%	21,3%	8,8%	8,7%	375	371
Norðurland		83,2%	15,1%	1,1%	0,5%	366	356
Suðurland		88,6%	8,6%	2,3%	0,6%	352	346
Suðurnes		84,8%	11,4%	2,8%	1,0%	287	282
Vestfirðir		80,2%	18,1%	1,3%	0,4%	305	295
Vesturland		69,0%	22,9%	5,9%	2,2%	324	319
Lengd búsetu á því svæði *							
5 ár eða skemur		78,2%	14,3%	3,8%	3,7%	456	456
6-10 ár		76,7%	15,6%	3,9%	3,8%	238	235
11-20 ár		75,4%	17,5%	5,1%	2,1%	435	429
21-30 ár		79,9%	15,2%	3,7%	1,2%	325	320
Lengur en 30 ár		79,8%	16,4%	2,6%	1,3%	905	873
Staða á vinnumarkaði ***							
Í launuðu starfi		78,3%	16,3%	3,7%	1,7%	1379	1357
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi		84,5%	12,8%	1,9%	0,8%	377	366
Í námi		69,3%	18,0%	7,5%	5,1%	78	82
Á eftirlaunum		73,3%	18,8%	4,0%	3,9%	350	337
Annað		78,6%	13,6%	3,1%	4,7%	169	165
Starfar þú við ferðapjónustu? ***							
Já		86,1%	9,0%	3,1%	1,8%	446	439
Nei		76,4%	17,6%	3,6%	2,3%	1914	1875
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu? ***							
Já		78,7%	17,0%	2,4%	1,8%	1090	1071
Nei		72,8%	18,7%	5,5%	3,0%	770	751

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

**Tafla 17: Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann (júní - ágúst)? - Tíðnitafla**

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Nánast daglega	512	21,6%	21,7%
1-3 sinnum í viku	582	24,6%	24,7%
1-3 sinnum í mánuði	649	27,4%	27,6%
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	612	25,8%	26,0%
Gild svör	2.355	99,4%	100,0%
<hr/>			
Gildir svarendur	2.355	99,4%	
Veit ekki	13	0,5%	
Svöruðu ekki	2	0,1%	
Heildarfjöldi	2.370	100,0%	

**Tafla 18: Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann (júní - ágúst)? - Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi (með vigt)	
		%	%	%	%	N	N
Kyn *	Fjöldi	21,9%	24,7%	27,5%	25,9%	2355	2309
Kyn *	Karl	20,4%	25,9%	29,2%	24,4%	1199	1175
Kyn *	Kona	23,4%	23,5%	25,8%	27,3%	1156	1134
Aldur ***	18 - 29 ára	34,2%	24,2%	23,7%	17,9%	269	289
Aldur ***	30 - 44 ára	23,0%	27,8%	28,5%	20,8%	584	584
Aldur ***	45 - 59 ára	24,8%	26,2%	27,2%	21,7%	747	712
Aldur ***	60 ára og eldri	13,2%	21,0%	28,6%	37,2%	755	724
Menntun ***	Grunnskólanám eða minna	21,2%	22,5%	23,1%	33,1%	511	500
Menntun ***	Stúdentspróf eða iðnnám	23,5%	23,1%	29,5%	23,9%	800	789
Menntun ***	Annað starfsnám	18,9%	21,5%	30,7%	28,9%	172	167
Menntun ***	Háskólapróf	21,3%	28,3%	28,1%	22,3%	846	828
Búseta **	Austurland	22,9%	20,7%	28,3%	28,1%	353	347
Búseta **	Höfuðborgarsvæðið	17,0%	23,8%	31,1%	28,1%	373	369
Búseta **	Norðurland	19,2%	26,4%	28,1%	26,3%	366	355
Búseta **	Suðurland	24,9%	27,1%	29,4%	18,7%	351	345
Búseta **	Suðurnes	24,2%	24,4%	25,4%	25,9%	285	280
Búseta **	Vestfirðir	27,1%	28,0%	22,8%	22,1%	303	293
Búseta **	Vesturland	19,4%	23,1%	26,0%	31,5%	324	319
Lengd búsetu á því svæði ***	5 ár eða skemur	24,8%	26,2%	27,9%	21,1%	455	455
Lengd búsetu á því svæði ***	6-10 ár	19,5%	30,3%	30,6%	19,7%	237	235
Lengd búsetu á því svæði ***	11-20 ár	24,2%	24,2%	27,5%	24,1%	436	430
Lengd búsetu á því svæði ***	21-30 ár	21,3%	29,2%	25,1%	24,4%	321	316
Lengd búsetu á því svæði ***	Lengur en 30 ár	20,1%	21,2%	27,4%	31,3%	903	869
Staða á vinnumarkaði ***	Í launuðu starfi	23,1%	26,1%	28,4%	22,5%	1378	1357
Staða á vinnumarkaði ***	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	33,0%	27,4%	24,1%	15,5%	379	368
Staða á vinnumarkaði ***	Í námi	23,4%	25,6%	26,8%	24,2%	78	82
Staða á vinnumarkaði ***	Á eftirlaunum	7,2%	15,6%	28,5%	48,7%	347	332
Staða á vinnumarkaði ***	Annað	16,4%	25,6%	27,7%	30,3%	164	160
Starfar þú við ferðapjónustu? ***	Já	67,4%	18,5%	9,7%	4,5%	445	438
Starfar þú við ferðapjónustu? ***	Nei	11,2%	26,2%	31,8%	30,8%	1907	1868
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu? ***	Já	12,8%	29,7%	31,9%	25,6%	1087	1068
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu? ***	Nei	9,1%	21,8%	30,3%	38,8%	766	747

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

**Tafla 19: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? - Tíðnitafla**

	Fjöldi	svarenda	% svarenda	% svara
Mjög illa	12	0,6%	0,6%	
Frekar illa	37	1,7%	1,7%	
Hef ekki skoðun/hvorki vel né illa	171	7,9%	7,9%	
Frekar vel	1046	48,4%	48,4%	
Mjög vel	893	41,4%	41,4%	
Gild svör	2159	100,0%	100,0%	
<hr/>				
Gildir svarendur	2159	91,1%		
Svöruðu ekki	211	8,9%		
Heildarfjöldi	2370	100,0%		

**Tafla 20: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? - Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Hvorki vel					Fjöldi (með vigt)	Meðal- tal	
		Mjög illa (1)	Frekar illa (2)	né illa (3)	Frekar vel (4)	Mjög vel (5)			
		%	%	%	%	%	N	N	(1)-(5)
Kyn	Fjöldi	0,6%	1,7%	8,0%	48,5%	41,2%	2159	2119	4,3
	Karl	0,4%	1,4%	9,2%	46,9%	42,2%	1111	1090	4,3
Aldur ***	Kona	0,7%	2,1%	6,7%	50,3%	40,2%	1048	1029	4,3
	18 - 29 ára	0,4%	2,7%	13,2%	54,9%	28,8%	257	276	4,1
Menntun **	30 - 44 ára	0,9%	1,4%	6,7%	47,3%	43,7%	558	558	4,3
	45 - 59 ára	0,3%	2,0%	7,5%	46,7%	43,5%	707	674	4,3
	60 ára og eldri	0,6%	1,3%	7,3%	48,8%	42,0%	637	611	4,3
	Grunnskólanám eða minna	1,2%	3,0%	7,7%	49,1%	39,0%	433	424	4,2
Búseta *	Stúndenspróf eða iðnnám	0,4%	1,6%	8,9%	51,9%	37,2%	750	740	4,2
	Annað starfsnám	0,0%	1,3%	8,5%	46,6%	43,6%	153	149	4,3
	Háskólapróf	0,5%	1,1%	7,1%	45,5%	45,8%	801	784	4,3
	Austurland	0,6%	2,2%	10,1%	50,0%	37,0%	320	314	4,2
Lengd búsetu á því svæði *	Höfuðborgarsvæðið	0,3%	0,0%	9,1%	49,6%	40,9%	332	330	4,3
	Norðurland	0,0%	0,9%	8,1%	43,1%	48,0%	335	326	4,4
	Suðurland	0,6%	3,4%	8,3%	47,6%	40,0%	327	322	4,2
	Suðurnes	0,4%	1,5%	6,0%	50,5%	41,6%	266	262	4,3
	Vestfirðir	1,1%	2,0%	6,3%	48,4%	42,2%	283	274	4,3
	Vesturland	1,0%	2,1%	7,2%	51,1%	38,6%	296	292	4,2
Staða á vinnumarkaði	5 ár eða skemur	0,9%	1,0%	10,0%	46,0%	42,1%	428	429	4,3
	6-10 ár	0,4%	3,1%	5,7%	51,2%	39,5%	225	223	4,3
	11-20 ár	0,3%	1,3%	6,0%	48,8%	43,6%	400	395	4,3
	21-30 ár	0,3%	3,3%	10,9%	49,4%	36,0%	298	294	4,2
	Lengur en 30 ár	0,6%	1,3%	7,4%	48,7%	41,9%	806	777	4,3
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Í launuðu starfi	0,4%	1,6%	8,3%	49,8%	39,9%	1301	1282	4,3
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,8%	2,6%	7,2%	44,2%	45,2%	360	350	4,3
	Í námi	0,0%	2,7%	13,5%	51,8%	31,9%	72	76	4,1
	Á eftirlaunum	0,8%	0,4%	7,0%	48,7%	43,1%	269	258	4,3
	Annað	1,4%	2,6%	6,1%	43,9%	46,0%	150	147	4,3
Gætur þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? ***	Já	0,2%	1,6%	5,0%	39,1%	54,1%	438	431	4,5
	Nei	0,6%	1,7%	8,7%	50,9%	37,9%	1719	1686	4,2

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

**Tafla 21: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní - ágúst)?**

- Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Allt of mikill	186	7,8%	8,0%
Heldur of mikill	434	18,3%	18,6%
Hæfilegur	1.419	59,9%	60,7%
Heldur of líttill	245	10,3%	10,5%
Allt of líttill	52	2,2%	2,2%
Gild svör	2.336	98,6%	100,0%
<hr/>			
Gildir svarendur	2.336	98,6%	
Veit ekki	29	1,2%	
Vil ekki svara	3	0,1%	
Svöruðu ekki	2	0,1%	
Heildarfjöldi	2.370	100,0%	

**Tafla 22: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní - ágúst)?**

- Bakgrunnsgreining

	Allt of mikill (5)	Heldur of mikill (4)		Heldur of líttill (2)		Allt of líttill (1)	Fjöldi (með vigt)	Meðal-	
		%	%	%	%				
Fjöldi	8,0%	18,7%	60,7%	10,5%	2,2%	2336	2290	3,2	
Kyn ***									
Karl	6,7%	14,7%	61,4%	13,8%	3,4%	1184	1160	3,0	
Kona	9,3%	22,8%	60,0%	7,0%	0,9%	1152	1129	3,3	
Aldur									
18 - 29 ára	7,2%	27,1%	55,6%	8,8%	1,2%	262	281	3,3	
30 - 44 ára	9,2%	16,3%	61,7%	10,5%	2,2%	583	583	3,2	
45 - 59 ára	8,6%	18,2%	60,4%	10,3%	2,4%	744	709	3,2	
60 ára og eldri	6,5%	17,7%	62,1%	11,2%	2,4%	747	716	3,1	
Menntun *									
Grunnskólanám eða minna	9,3%	22,4%	57,0%	9,9%	1,4%	510	499	3,3	
Stúentsprof eða iðnnám	6,2%	18,5%	61,4%	11,4%	2,5%	796	785	3,1	
Annað starfsnám	8,2%	17,3%	61,7%	9,4%	3,5%	170	165	3,1	
Háskólapróf	8,8%	17,1%	61,9%	9,9%	2,3%	835	817	3,2	
Búseta ***									
Austurland	5,7%	18,4%	56,5%	16,9%	2,5%	349	343	3,1	
Höfuðborgarsvæðið	10,3%	18,9%	66,5%	3,3%	1,0%	367	363	3,3	
Norðurland	4,3%	19,3%	67,4%	7,6%	1,4%	363	352	3,2	
Suðurland	11,8%	30,0%	52,0%	5,6%	0,6%	350	344	3,5	
Suðurnes	4,6%	15,1%	69,1%	9,4%	1,8%	285	280	3,1	
Vestfirðir	9,9%	13,1%	59,4%	14,2%	3,3%	305	295	3,1	
Vesturland	8,8%	14,0%	54,2%	17,7%	5,3%	317	312	3,0	
Lengd búsetu á því svæði **									
5 ár eða skemur	8,5%	20,8%	61,6%	8,0%	1,1%	448	448	3,3	
6-10 ár	7,2%	22,1%	58,6%	10,4%	1,7%	234	232	3,2	
11-20 ár	9,3%	20,7%	60,0%	7,2%	2,8%	430	424	3,2	
21-30 ár	7,5%	18,5%	62,4%	9,8%	1,8%	322	317	3,2	
Lengur en 30 ár	7,5%	15,6%	60,6%	13,5%	2,8%	898	865	3,1	
Staða á vinnumarkaði *									
Í launuðu starfi	8,3%	19,3%	60,3%	9,8%	2,3%	1369	1348	3,2	
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	8,8%	12,3%	61,6%	14,5%	2,7%	373	362	3,1	
Í námi	2,7%	24,9%	62,1%	7,9%	2,5%	76	80	3,2	
Á eftirlaunum	7,0%	18,4%	61,6%	11,2%	1,8%	342	328	3,2	
Annað	8,3%	25,3%	58,3%	7,0%	1,1%	168	164	3,3	
Starfar þú við ferðaþjónustu? ***	Já	5,5%	15,4%	62,8%	12,9%	3,3%	443	436	3,0
	Nei	8,5%	19,5%	60,1%	9,9%	2,0%	1891	1852	3,2
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? ***	Já	4,7%	17,2%	63,9%	11,2%	2,9%	1076	1057	3,1
	Nei	14,2%	21,9%	55,0%	8,1%	0,8%	762	743	3,4

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

**Tafla 23: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept. - maí)?**

- Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Allt of mikill	53	2,2%	2,3%
Heldur of mikill	100	4,2%	4,3%
Hæfilegur	1.130	47,7%	49,2%
Heldur of líttill	681	28,7%	29,6%
Allt of líttill	335	14,1%	14,6%
Gild svör	2.299	97,0%	100,0%
<hr/>			
Gildir svarendur	2.299	97,0%	
Veit ekki	65	2,7%	
Vil ekki svara	5	0,2%	
Svörnuð ekki	1	0,0%	
Heildarfjöldi	2.370	100,0%	

**Tafla 24: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept. - maí)?**

- Bakgrunnsgreining

	Allt of mikill (5)	Heldur of mikill (4)		Heldur of líttill (2)		Allt of líttill (1)		Fjöldi (með vigt)	Meðal-tal
		%	%	%	%	%	%		
Fjöldi	2,3%	4,4%	49,3%	29,5%	14,5%	2299	2254	2,4	
Kyn ***									
Karl	2,4%	4,1%	42,6%	32,4%	18,5%	1165	1142	2,2	
Kona	2,2%	4,8%	56,1%	26,6%	10,3%	1134	1112	2,5	
Aldur *									
18 - 29 ára	1,2%	8,0%	54,5%	26,6%	9,7%	261	280	2,5	
30 - 44 ára	2,4%	3,8%	50,7%	27,5%	15,5%	576	576	2,3	
45 - 59 ára	2,7%	4,5%	48,4%	28,5%	15,9%	736	701	2,3	
60 ára og eldri	2,2%	3,3%	46,9%	33,4%	14,1%	726	696	2,3	
Menntun									
Grunnskolanám eða minna	2,6%	5,2%	49,0%	27,8%	15,4%	498	487	2,4	
Stúdentspróf eða iðnnám	2,4%	4,4%	48,3%	30,5%	14,4%	783	772	2,4	
Annað starfsnám	2,4%	4,8%	45,1%	31,6%	16,1%	168	163	2,3	
Háskólapróf	1,9%	3,9%	51,3%	29,5%	13,4%	828	810	2,4	
Búseta ***									
Austurland	2,0%	4,0%	37,3%	34,7%	22,0%	344	338	2,1	
Höfuðborgarsvæðið	3,4%	5,4%	70,1%	18,3%	2,8%	354	350	2,9	
Norðurland	0,5%	1,8%	44,8%	38,8%	14,1%	359	349	2,2	
Suðurland	4,7%	8,0%	66,4%	15,1%	5,9%	343	337	2,8	
Suðurnes	0,7%	6,1%	55,7%	28,0%	9,5%	282	277	2,5	
Vestfirðir	1,6%	0,7%	24,5%	42,3%	30,9%	301	291	1,7	
Vesturland	2,9%	4,8%	42,6%	31,4%	18,3%	316	312	2,2	
Lengd búsetu á því svæði ***									
5 ár eða skemur	2,0%	4,7%	57,5%	25,7%	10,0%	436	436	2,5	
6-10 ár	1,6%	6,3%	49,9%	28,9%	13,2%	236	234	2,4	
11-20 ár	2,8%	4,2%	55,8%	24,1%	13,1%	426	420	2,5	
21-30 ár	2,5%	5,8%	46,0%	33,2%	12,5%	315	310	2,4	
Lengur en 30 ár	2,3%	3,2%	43,1%	33,0%	18,5%	883	850	2,2	
Staða á vinnumarkaði **									
Í launuðu starfi	2,0%	4,1%	50,0%	29,8%	14,1%	1356	1335	2,4	
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	3,5%	5,2%	41,7%	28,7%	20,8%	367	356	2,2	
Í námi	0,0%	10,3%	59,5%	21,1%	9,1%	77	81	2,6	
Á eftirlaunum	1,8%	3,1%	48,3%	34,6%	12,2%	328	314	2,4	
Annað	4,2%	5,0%	56,9%	23,0%	10,8%	164	160	2,6	
Starfar þú við ferðaþjónustu?									
Já	1,3%	5,2%	47,0%	30,9%	15,6%	442	435	2,3	
Nei	2,5%	4,2%	49,8%	29,2%	14,2%	1855	1817	2,4	
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? ***									
Já	1,2%	3,7%	45,9%	33,1%	16,1%	1063	1044	2,2	
Nei	4,3%	4,8%	55,0%	24,0%	11,9%	743	724	2,5	

\* Marktað miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktað miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktað miðað við 0,1% öryggismörk

**Tafla 25: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? - Tíðnitafla**

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Hún er alls ekki mikilvæg	38	2%	1,7%
Hún er frekar litið mikilvæg	252	11%	11,2%
Hún er nokkuð mikilvæg	931	39%	41,4%
Hún er mjög mikilvæg	1.029	43%	45,7%
Gild svör	2.250	94,9%	100,0%
<hr/>			
Gildir svarendur	2.250	94,9%	
Veit ekki	107	4,5%	
Vil ekki svara	12	0,5%	
Svöruðu ekki	1	0,0%	
Heildarfjöldi	2.370	100,0%	

**Tafla 26: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? - Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Hún er alls ekki mikilvæg	Hún er frekar litið mikilvæg	Hún er nokkuð mikilvæg	Hún er mjög mikilvæg	Fjöldi
		%	%	%	%	Fjöldi (með vigt)
Kyn *						
Karl		1,9%	13,1%	39,9%	45,1%	1151 1129
Kona		1,4%	9,3%	43,0%	46,2%	1099 1077
Aldur *						
18 - 29 ára		2,0%	15,6%	42,7%	39,7%	256 275
30 - 44 ára		1,8%	9,8%	38,6%	49,8%	559 559
45 - 59 ára		1,6%	12,2%	38,2%	48,0%	725 691
60 ára og eldri		1,5%	9,7%	46,4%	42,3%	710 681
Menntun						
Grunnskólanám eða minna		1,5%	11,5%	39,4%	47,6%	476 465
Stúdentspróf eða iðnnám		2,1%	12,0%	42,8%	43,1%	764 753
Annað starfsnám		1,7%	12,7%	44,9%	40,7%	165 161
Háskólapróf		1,5%	9,8%	40,4%	48,4%	821 803
Búseta ***						
Austurland		1,5%	10,9%	42,5%	45,1%	333 327
Höfuðborgarsvæðið		2,0%	14,4%	36,3%	47,4%	353 349
Norðurland		0,9%	6,8%	41,5%	50,8%	342 332
Suðurland		1,2%	8,9%	42,2%	47,6%	336 330
Suðurnes		2,1%	6,5%	38,0%	53,4%	279 274
Vestfirðir		1,7%	12,9%	46,4%	39,0%	295 285
Vesturland		2,6%	18,2%	43,2%	36,0%	312 307
Lengd búsetu á því svæði						
5 ár eða skemur		1,2%	10,5%	37,7%	50,7%	440 440
6-10 ár		2,7%	7,9%	40,3%	49,1%	227 225
11-20 ár		1,9%	14,4%	37,5%	46,2%	413 407
21-30 ár		2,5%	11,2%	43,4%	42,8%	310 305
Lengur en 30 ár		1,3%	11,0%	44,6%	43,1%	856 825
Staða á vinnumarkaði *						
Í launuðu starfi		1,8%	11,5%	41,9%	44,8%	1322 1302
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi		1,7%	11,3%	34,5%	52,5%	356 346
Í námi		0,0%	13,7%	55,1%	31,2%	73 77
Á eftirlaunum		1,5%	8,9%	48,4%	41,2%	328 314
Annað		1,8%	13,5%	33,0%	51,7%	162 158
Starfar þú við ferðaþjónustu? ***	Já	0,7%	7,1%	29,1%	63,1%	438 431
	Nei	1,9%	12,3%	44,4%	41,4%	1810 1773
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? ***	Já	1,0%	9,5%	41,7%	47,9%	1047 1028
	Nei	3,0%	15,8%	49,3%	32,0%	713 695

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

**Tafla 27: Ferðaþjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér**  
**- Tíðnitafla**

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	234	9,9%	10,0%
Frekar ósammála	632	26,7%	27,1%
Hvorki sammála né ósammála	251	10,6%	10,8%
Frekar sammála	823	34,7%	35,3%
Mjög sammála	391	16,5%	16,8%
Gild svör	2.331	98,4%	100,0%
<hr/>			
Gildir svarendur	2.331	98,4%	
Veit ekki	33	1,4%	
Vil ekki svara	4	0,2%	
Svöruðu ekki	2	0,1%	
Heildarfjöldi	2.370	100,0%	

**Tafla 28: Ferðaþjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér**  
**- Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Mjög ósammála (1)	Frekar ósammála (2)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar sammála (4)	Mjög sammála (5)	Fjöldi (með vigt) N	Fjöldi N	Meðal- tal
		%	%	%	%	%	N	N	(1)-(5)
Kyn	Fjöldi	10,1%	27,1%	10,8%	35,3%	16,8%	2331	2286	3,2
Kyn	Karl	9,5%	25,6%	9,6%	37,2%	18,1%	1185	1162	3,3
Kyn	Kona	10,6%	28,7%	12,0%	33,3%	15,4%	1146	1124	3,1
Aldur	18 - 29 ára	10,4%	27,8%	13,0%	34,6%	14,2%	269	289	3,1
Aldur	30 - 44 ára	10,5%	24,8%	10,2%	35,7%	18,8%	579	576	3,3
Aldur	45 - 59 ára	9,8%	27,5%	8,8%	35,3%	18,5%	747	711	3,3
Aldur	60 ára og eldri	9,8%	28,3%	12,3%	35,2%	14,4%	736	709	3,2
Menntun ***	Grunnskólanám eða minna	11,3%	30,0%	11,9%	32,5%	14,3%	499	489	3,1
Menntun ***	Stúdentspróf eða iðnnám	9,7%	28,5%	10,6%	35,9%	15,3%	792	781	3,2
Menntun ***	Annað starfsnám	11,7%	30,9%	10,7%	34,5%	12,3%	171	166	3,0
Menntun ***	Háskólapróf	8,8%	23,1%	10,3%	37,0%	20,8%	845	826	3,4
Búseta *	Austurland	8,6%	25,7%	9,0%	38,8%	17,9%	350	344	3,3
Búseta *	Höfuðborgarsvæðið	9,3%	33,6%	13,0%	27,7%	16,4%	373	369	3,1
Búseta *	Norðurland	9,6%	20,5%	12,3%	40,2%	17,5%	357	347	3,4
Búseta *	Suðurland	10,3%	27,7%	8,6%	31,2%	22,1%	347	341	3,3
Búseta *	Suðurnes	9,9%	28,2%	13,9%	35,6%	12,4%	283	278	3,1
Búseta *	Vestfirðir	11,0%	28,0%	9,7%	36,1%	15,1%	301	291	3,2
Búseta *	Vesturland	12,0%	26,0%	9,0%	38,3%	14,6%	320	315	3,2
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	8,4%	26,6%	12,8%	35,5%	16,7%	449	449	3,3
Lengd búsetu á því svæði	6-10 ár	11,5%	22,9%	12,5%	37,2%	15,8%	234	232	3,2
Lengd búsetu á því svæði	11-20 ár	11,0%	25,9%	11,5%	33,8%	17,8%	430	424	3,2
